

# 2022

ÁRSSKÝRSLA



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU



**SAMEYKI**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

## Ábyrgðarmaður

Pórarinn Eyfjörð

## Umsjón með útgáfu

Axel Jón Ellenarson

## Skrifstofa Sameykis

Grettsigata 89 - 105 Reykjavík

Símar: 525 8340 / 525 8330

Netfang: sameyki@sameyki.is

Veffang: sameyki.is

ISSN: 1670-881

## EFNISYFIRLIT

- 4** Trúnaðarmannaráð
- 6** Fulltrúaráð
- 8** Stofnun ársins
- 10** Málþing
- 12** Litið yfir kjaramálin
- 16** Fræðslusjóðir
- 18** Fræðslustarf
- 20** Styrktar- og sjúkrasjóður
- 22** Útgáfa og miðlun
- 24** Skrifstofa
- 25** Stjórn Sameykis
- 26** Orlofsmál
- 28** Fulltrúar Sameykis í stjórnun
- 29** Styrktarsjóður BSRB
- 30** Húsnæðismál
- 32** Fræðslusetrið Starfsmennt
- 33** Framvegis, miðstöð símenntunar
- 34** Virk endurhæfingarsjóður
- 34** Deild atvinnubílstjóra Strætó bs.
- 35** Háskóladeild Sameykis
- 35** Lífeyrisdeild Sameykis
- 36** Félag heilbrigðisgagnfræðinga
- 36** Fangavardafélag Íslands
- 37** Félag íslenskra félagsliða
- 37** Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa

## Prentun

Prentmet/Oddi. Ársskýrsla Sameykis er prentuð á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins.



Prentgripur  
1234 5678

# Verkefnin eru bæði mörg og stór

**M**eginviðfangsefni Sameykis er að vinna að hagsmunum félagsfólks og berjast fyrir kjörum þess og réttindum. Því er rétt að greina í stórum dráttum frá þeim baráttumálum sem félagið hefur beitt sér fyrir á liðnu ári.

Á árinu hefur Sameyki varað stjórnvöld við að skera niður fjármagn í grunnþjónustunni sem opinberir starfsmenn hafa sinnt af mikill elju og einstakri ábyrgð. Félagssólk hefur staðið vaktina þrátt fyrir sívaxandi álag ár frá ári. Sameyki hefur beitt sér í opinberri umræðu um þær leyndu og ljósu ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu heilbrigðisstofnana. Sömuleiðis hefur félagið varað við tilhneingingu sveitarfélaga sem einkavæða vilja almenningssamgöngur. Stjórn Sameykis tekur hlutverk sitt alvarlega og stefnt er á að verja þau störf og þjónustu sem félagsfólk okkar starfar við í þágu almenningssamfélagsins, samfélaginu öllu til heilla. Við höfum harðlega gagnrýnt fjárvæltistefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart stofnunum sem almenningur reiðir sig á – og við munum halda því áfram eins lengi og þörf er á. Krafan er að vikið verður af þeirri óheillabrot sem stjórnmalafólk með vafasaman ásetning er að leiða samfélagið á. Nauðsynlegt er að benda á að keisarinn er ekki neinum fótum.

Fyrrum ríkisskattstjóri, Indriði H. Þorláksson, sagði nýlega í fréttum að arðurinn af sjávarútvegsauðlindinni og raforkuframleiðslu gæti verið um 70–100 milljarðar króna, en aðeins um 5–7 milljarðar króna væru greiddir í veiðigjöld.

Allur almenningur og stéttarfélögin eiga að beita sér af krafti fyrir að aðgangur að auðlindum þjóðarinnar verði verð- og skattlagður með hagsmuni alls samfélagsins að leiðarljósi. Ævintýraleg auðsöfnun fárra sem aðgang hafa að eignum þjóðarinnar er aðeins eitt merki um stækkandi sár á þjóðarlíkamanum. Tryggja verður að samfélagið fái það sem samfélaginu réttilega ber, en það sé ekki muldi undir fáa hirðmenn ríkjandi valdastétta á

hverjum tíma. Við höfum vakið athygli á þessu óásættanlega ástandi og gagnrýnt þá stefnu stjórnvalda að hlífa fjármagninu sem til verður af nýtingu auðlinda sem þjóðin á, meðan þyngstu byrðar af rekstri grunnþjónustunnar eru lagðar á launafólk. Stéttarfélag eins og Sameyki getur ekki setið hjá og horft sinnulaust á niðurbrot velferðarkerfisins á sama tíma og stjarnfræðilegur gróði fárra er tekinn út úr samfélaginu. Slík einstaklingshyggja er andhverfa samfélagshyggju sem hlýtur alltaf að vera sá drifkraftur sem mannréttinda- og velferðarbarátta byggir á.

Afleiðingarnar af iskaldri og upphafinni einstaklingshyggju blasa við. Í einstaklingshyggjunni er ekki rými fyrir samfélagslega umhyggju, en slík umhyggja er grunnurinn að uppbyggingu samheldins samfélags og velsældar. Slík samkennd og samhygd er framandi á stjórnarheimilinu. Staðreyndirnar tala sínu máli, velsæld er ekki höfð að leiðarljósi þegar pólitískar ákvarðanir um forgangs röðun eru teknar. Hver stendur raunverulega í baráttunni fyrir húsnæðisöryggi, afkomuöryggi, félagslegu öryggi og að tillit sé tekið til ólíkra hópa sem verst standa? Þó Ísland sé metið framarlega á mörgum mælikvörðum í alþjóðlegum samanburði, getum við gert svo svo miklu, miklu betur.

Stjórnvöld verða hysja upp um sig ef leysa á þær stóru samfélagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir – þar sem kaupmáttur rýrnar, verðbólga eykst og húsnæðiskostnaður er að kæfa fjölskyldur og einstaklinga. Á sama tíma stendur ríkisstjórnin aðgerðalaus hjá í mikilvægum málum og leggur allt sitt traust á einstaklingsdrifinn frjálsan markað sem keyrir áfram verðbólguna.

Stjórnvöld eiga og verða að sýna miklu meiri ábyrgð fyrir velsæld allra og standa vörð um velferðaríkið. Verkefnin þar eru bæði mörg og stór. ●




**Pórarinn Eyfjörð**  
Formaður Sameykis

# Sameyki í tölum

Af 19 aðildarfélögum BSRB, stærstu samtaka opinberra starfsmanna á Íslandi, er Sameyki fjölmennasta stéttarfélagið með um 12.000 virka félaga að jafnaði yfir vetrarmánuðina. Á sumrin fjölgar í félaginu og jókst félagafjöldi um tæp 15% þegar fjölmennast var og töldust 13.476. Í lok árs 2022 voru virkir félagar 11.752 en voru árinu áður eða í lok árs 2021 11.612 talsins.

Konur eru í meirihluta félagsfólks og eru hlutföllin 62,9% konur og 37,1% karlar. Meðalaldurinn er 39,5 ár og er örlítið lægri en mældist í fyrra en þá reyndist meðalaldurinn 39,9 ár. Nú, eins og þá, reynast karlar yngri eða 38,5 ára á meðan konur mælast 40,1 árs.







Konur eru í meirihluta félagsfólks og eru hlutföllin 62,9% konur og 37,1% karlar.

Fjölmennasti aldurshópurinn er félagsfólk yngri en 30 ára eða 34,9% og félagsfólk yngri en 50 ára eru ríflega 70% af heildinni. Fyrir ári síðan mældist sami hópur þ.e. félagsfólk yngri en 50 ára 69,1% af heildinni. Aldurshópurinn 50 til 59 ára mælist 15,1% og eldri en 60 ára 14,4%.

Félagsaldur hefur einnig lækkað milli ára, mældist 7 ár árið 2021 og mælist nú 6,9 ár. Ef horft er til kynja þá reynist félagsaldur karla óbreyttur milli áranna en félagsaldur kvenna lækkar úr 7,3 árum í 7,1 ár nú.

Félagsfólk Sameykis er fjölbreyttur hópur með ólíkan bakgrunn og rekja 8,8% uppruna sinn til 85 landa víðs vegar um heiminn. Flestir eða 77,6% koma frá 38 ríkjum í Evrópu og eru Pólverjar þeirra fjölmennastir eða 26,7% og næst fjölmennastir eru Danir sem mælast 8,7%. Frá Asíu koma 12,7%, Norður-Ameríku 4,1%, Suður-Ameríku 2,9%, Afríku 2,4% og á Eyjaálfa sína tvo fulltrúa í Sameyki stéttarfélagi í almannabjónustu og mælast þeir 0,2% af félagsfólki með erlendan uppruna.

Ekki er hægt að tala um breytingu í búsetu meðal félagsfólks milli áranna 2021 og 2022. Nú sem fyrr búa langflestir í nálægð við stærstu vinnustaðina eins og Landspítala og Reykjavíkurborg eða um 87,8% félagsfólks og lækkar búsetuhlutfallið eftir því sem fjær dregur suðvesturhorninu. Reykjavíkurborg stærsti launagreiðandi okkar félagsfólks og starfa 39,9% þar sem er þó lægra hlutfall en árið 2021 þegar 40,5% Sameykisfélaga voru þar við störf. Það sama



á við um næst stærsta launagreiðann, Íslenska ríkið en árið 2021 störfuðu 35,7% en 31,5% nú. Þessa lækkingu má einnig greina hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg en árið 2021 störfuðu 2,8% félagsfólks hjá sveitarfélögum víðsvegar um landið en mælist nú 2,5%. Í flokknum Aðrir eru sjálfseignastofnanir, félagasamtök, byggðasamlög (bs.), einkahlutafélög og þ.h. rekstrarform og fer sá flokkur stækkandi en fyrir ári störfuðu þar 18,2% félagsfólks hjá 216 fyrirtækjum en 23,4% hjá 220 fyrirtækjum, er það vöxtur um 28,5% milli ára.

Fjöldi félagsfólks í fæðingarorlofi eykst einnig á milli ára en alls voru 1,6% í fæðingarorlofi árið 2021 en mælast nú 1,8% og er það aukning um 12%. Þá sjáum við atvinnuleysistölur fara niður en um áramót mældust 0,9% félagsfólks án atvinnu en var 1,2% árið 2021 og er það lækking um 27,8%.

Ekki er hægt að ljúka þessari umfjöllun án þess að minnst á okkar öfluga hóp í lífeyrisdeildinni en um sl. áramót töldust þeir 2.148 svo í heildina teljumst við 13.720 Sameykisfélagar. ●

# Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmenn og stjórn Sameykis mynda saman trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru u.þ.b. 320 talsins og hefur fjölgað smám saman síðan Sameyki varð til í janúar 2019. Trúnaðarmenn eru helsta tenging stéttarfélagins við vinnustaðina og er starf þeirra því afar mikilvægt. Allt félagsfólk getur boðið sig fram sem trúnaðarmenn.

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsmanna Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsmanna og Sameykis og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, sem gagnast jafnt í persónulegu lífi sem og í starfi. Hlutverk ráðsins er einnig að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu félagsmanna ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmanna að fjalla um kjara- og réttindamál starfsmanna, sérstaklega þegar gera á almenna kjarasamninga eins og nú standa fyrir dyrum.

## Fundir trúnaðarmanna

Samkvæmt lögum Sameykis skulu að lágmarki vera tveir trúnaðarmannaráðsfundir á ári.

Fundir ráðsins voru fjórir á tímabilinu. Allir fundirnir voru haldnir í Gullhömrum Grafarholti nema undirbúningsfundurinn fyrir aðalfund sem var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica eins og aðalfundurinn. Fjarfundatæknin, sem segja má að COVID-19 hafi fært okkur, er komin til að vera og stefnan er að á öllum fundum sé einnig boðið upp á gagnvirka þátttöku í netheimum. Þetta auðveldar félögum á landsbyggðinni og öðrum þeim sem ekki geta mætt að taka þátt, en ekki aðeins fylgjast með fundunum í streymi.

Sameyki hefur það að markmiði að viðhalda fjölbreytileika á fundunum, þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um samfélagsmál sem og málefni félagsins. Gestir með áhugaverð erindi sem komu á fundi trúnaðarmannaráðs á starfsárinu voru til dæmis Jón Bjarki Bentsson hagfræð-ingur hjá Íslandsbanka sem fór yfir stöðu og horfur í efnahagslífinu. Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun kom með hressandi erindi sem hún kallaði „Eru ekki allir í stuði?“ sem innihélt ráðleggingar til að létta lífið í dagsins önn. Ingrid kom aftur og leiddi þjóðfund sem undirbúning fyrir kröfugerð vegna komandi kjarasamninga. Á jólafundinn komu Mugison og KK og settu rúsinu í pylsuendann eftir einkar áhugavert erindi Vilhjálm Árnasonar heimspekings um siðferði, traust og fagmennsku.

Elísabet S. Ólafsdóttir aðstoðarsáttasemjari kynnti nýjan gagnagrunn kjarasamninga sem eflaust mun nýtast vel í starfinu framundan.

„Stefna Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsmanna á vinnustöðum og mikilvæg tenging við grasrót félagsins. Markmiðið er að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameykis og vinna að hagsmunum félagsmanna, verði ávallt til fyrirmyndar.“

Nú styttest í kosningu trúnaðarmanna fyrir næsta kjörtímabil sem stendur frá 31. maí 2023–31. maí 2025. Þá þarf að endurnýja umboðið hjá þeim trúnaðarmönnum sem halda áfram með því að senda okkur tilkynningu sem og að tilkynna á skrifstofuna um nýkjörna trúnaðarmenn.

## Fræðsla trúnaðarmanna

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn er í formi námskeiða og fræðslumorgna sem reynt er að halda fyrir hádegi sama dag og trúnaðarmannaráðsfundina. Sameyki býður upp á 3ja daga grunnnámskeið í samvinnu við BSRB en auk þess hafa trúnaðarmenn aðgang að 6 þrepa námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu. Umsjón með fræðslu fyrir trúnaðarmenn hefur Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri.

Stefna Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsmanna á vinnustöðum og mikilvæg tenging við grasrót félagsins. Markmiðið er að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameykis og vinna að hagsmunum félagsmanna, verði ávallt til fyrirmyndar.

Umsjón með trúnaðarmannakerfinu og tengiliður Sameykis við trúnaðarmenn er Kristín Erna Arnardóttir, sérfræðingur í félagsdeild. ●





Fundir eru haldnir reglulega með Fulltrúaráði Sameykis þar sem rædd eru m.a. kjaramál og stefnumál félagsins ásamt því að móta tillögur um skipun nefnda. Fulltrúaráð ályktar einnig um kjaramál og efnahagsmál. Heilbrigðis- og velferðarnefnd hélt vel heppnað málþing um kulnun 1. nóvember 2022.

# Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Formaður félagsins Þórarinn Eyfjörð er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

Hlutverk fulltrúaráðs Sameykis er að vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn. Fulltrúaráðið annast einnig undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillingarnefnd og laganefnd þegar það á við. Á fundum fulltrúaráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina einu sinni á ári.

Fulltrúaráðið ákveður hvaða fastanefndir skulu starfa, setur þeim reglur og kys í þær. Fulltrúaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni. Fulltrúaráðið fjallar eins og trúnaðarmannaráðið um kjara- og réttindamál og annast undirbúning kjarasamninga.

Starfandi nefndir eru núna sex talsins og hefur verið gróskumikið starf í flestum þeirra.

## Kjara- og starfsumhverfisnefnd

Nefndin skoðar aðstæður á vinnumarkaði í kjölfar COVID-19, umhverfi og aðbúnað hjá heimavinnufólki, styttingu vinnuviku, vaktahvata og starfslokamál, svo dæmi séu tekin.

## Formaður nefndarinnar og fulltrúi stjórnar er Herdís Jóhannsdóttir.

## Nefnd um jafnréttismál

Nefndin hefur það hlutverk að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis. Hún skal fylgjast með kynbundnum launamun, vera vakandi fyrir kynbundinni mismunun á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar. Nefndin á einnig að hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál innan Sameykis sem utan.

## Formaður nefndarinnar og fulltrúi stjórnar er Kári Sigurðsson.

## Umhverfis- og loftslagsnefnd

Nefndin skal vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki

og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki getur veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í loftlagsmálum. Nefndin skal koma með tillögur um hvernig félagið getur aukið meðvitund félagsmanna og haft áhrif til vistvænni lífnaðarháttá.

Nefndin hittist níu sinnum á tímabilinu og tvisvar sinnum í landnemalundi félagsins í Heiðmörk. Til stendur að hvetja félagsfólk til að gróðursetja í lundinum og nýta hann sem útivistarsvæði.

**Fulltrúi stjórnar er Bryngeir Arnar Bryngeirsson og formaður er Pétur Ásbjörnsson.**

„Fundir fulltrúaráðs voru haldnir í Félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 og á Teams. Fjórir fundir voru á tímabilinu og góðir gestir fluttu áhugaverð erindi. Ásgeir Brynjar Torfason hagfræðingur var með erindið „Breytt hagfræði til bjargar heiminum“ og Ágústa Þ. Jónsdóttir varaformaður Landverndar fræddi félagá um hvernig orkuskiptin, náttúruvernd og loftslagsvernd haldast í hendur. Á fyrsta fundi nýs árs 2023 var unnið í stefnumótun félagsins í samræmi við lög Sameykis.“

### **Menningar- og viðburðanefnd**

Markmið nefndarinnar skal vera að auka tengsl við félagsmenn og efla samheldni og félagsanda meðal félagsmanna. Nefndin sér um að skipuleggja árlega viðburði félagsins eins og páskabingó, jólaball og aðventugleði.

**Fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar er Rut Ragnarsdóttir.**

### **Nefnd um framtíðarvinnuþemaðinn**

Framtíðarvinnuþemaðsnefnd fjallar um stafræna veruleikann sem snertir sífellt fleiri fleti hins daglega lífs. Breytingar á vinnuþemaðinu vegna fjórðu iðnbýltingarinnar og annarra fyrirsjáanlegra breytinga, s.s. aldurssetningar þjóðar, fjölbjóðlegra samfélags og græna hagkerfisins. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla

um og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki geti sem best undirbúið félagsmenn undir breytingar á vinnuþemaðinu, skoði hvernig vinnustaðir komi til móts við starfsmenn með sí- og endurmenntun og þjálfun í ný störf.

**Fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar er Svanhildur Steinarsdóttir.**

### **Heilbrigðis- og velferðarnefnd**

Fjallar um lýðheilsuþemað, kulnun í starfi, húsnæðisþemað, félagsþemað og sjúkratryggingakerfið. Hvernig stéttarfélag geta haft áhrif til góðs á heilbrigði og velferð almennings, heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Nefndin hélt málþing um kulnun 1. nóvember 2022.

**Fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar er Ólafía L. Sævarsdóttir.**

Fundir fulltrúaráðs voru haldnir í Félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 og með fjarfundarþemaðinu á Teams. Fjórir fundir voru á tímabilinu og góðir gestir fluttu áhugaverð erindi. Ásgeir Brynjar Torfason hagfræðingur var með erindið „Breytt hagfræði til bjargar heiminum“ og Ágústa Þ. Jónsdóttir varaformaður Landverndar fræddi félagá um hvernig orkuskiptin, náttúruvernd og loftslagsvernd haldast í hendur. Á fyrsta fundi nýs árs 2023 var unnið í stefnumótun félagsins í samræmi við lög Sameykis.

### **Félagsfundir**

Fundir með félögum Sameykis voru margir og líflægir á tímabilinu þrátt fyrir samkomutakmarkanir í upphafi árs 2022.

Í febrúar og mars voru haldnir netfundir með félögum á landsbyggðinni, skipt eftir landshlutum; Norðurland, Suðurland, Austurland, Vesturland/Vestfirðir, Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes. Á fundunum var farið yfir reynsluna af styttingu vinnuvikunnar og umræður haldnar vegna komandi kjarasamninga.

Í kjölfar þess að allar hömlur vegna COVID-19 voru aflagðar fór mikil vinna af stað við að skipuleggja fundir og viðburði til að nálgast hið almenna félagsfólk. Vorið 2022 voru níu vinnustaðir heimsóttir, þar á meðal Rarik, Rúv, Orkuveitan, Isavia og Fríhöfn.

Haustið 2022 voru tólf morgun- og hádegisverðarfundir haldnir um allt land, þar á meðal á Akureyri, Egilsstöðum, Blönduósi, Selfossi, Ísafirði, Akranesi og víðar. Um 25 manns mættu að jafnaði. Komandi kjarasamningar voru aðalefni fundanna, ásamt að fara yfir reynsluna af síðustu kjarasamningum. Loks var unnið í hópum að kröfugerð.

Í janúar 2023 voru haldnir félagsfundir á Seltjarnarnesi og Akranesi þar sem farið var yfir kröfugerð og félagar skipaðir í samninganefndir. ●

# Stofnun ársins

Sameyki tilkynnti um valið á Stofnun ársins 2022 á hátíð þess 16. febrúar 2023 en titlana Stofnun ársins hlutu þær stofnanir sem þóttu skara fram úr í þeim þáttum sem könnun Sameykis náði yfir að mati starfsfólks þeirra.

Stofnun ársins var nú stærri en nokkru sinni fyrr og með talsvert breyttu sniði frá fyrri árum. Stærsta breytingin var þátttaka Reykjavíkurborgar sem tók þátt fyrir allt sitt starfsfólk. Niðurstöður könnunarinnar voru í þremur flokkum í þetta sinn; **ríkisstofnanir, starfsstaðir borgarinnar, sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannajónustu**.

Könnunin var unnin í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reykjavíkurborg og fjölmargar aðrar stofnanir og gefur hún mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsfólks á opinbera vinnumarkaðnum, en hún var framkvæmd af Gallup í nóvember og desember 2022. Í henni eru þátttakendur spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu, þ.e. **stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd, ánægju og stolt**, og **jafnrétti**.

Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur stofnana til að huga að mannauðsmálum og auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsfólks á vinnustöðum. Alls fengust gild svör frá tæplega 16.300 starfsmönnum. Það er um þrjú þúsund fleiri en á síðasta ári. Þar munar mestu um þátttöku Reykjavíkurborgar í könnuninni. Af heildarúrtakinu bárust svör frá tæplega 11.000 starfsmönnum ríkisstofnana, tæplega 5.000 starfsmönnum Reykjavíkurborgar og rúmlega 600 starfsmönnum sjálfseignarstofnana og fyrirtækja.

Eftirfarandi stofnanir hlutu viðurkenninguna Stofnun ársins en þeim er skipt niður eftir stærð stofnana

## Ríki

Fjölbrautaskóli Suðurnesja (stór stofnun)  
Menntaskólinn á Egilsstöðum (meðalstór stofnun)  
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (lítil stofnun)

## Reykjavíkurborg

Frístundamiðstöðin Tjörnin (stór starfsstaður)  
Hitt Húsið (meðalstór starfsstaður)  
Sambýlið Viðarrima (lítil starfsstaður)

## Sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannajónustu

Heilsustofnun NLFÍ

## Hástökkvari ársins 2022

Menntaskólinn á Ísafirði

Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis og Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður Sameykis, veittu forsvarsmönnum vinnustaðanna viðurkenningar fyrir góðan árangur í könnuninni. Una Torfadóttir skemmti gestum og Benni Hemm Hemm og Margrét Arnardóttir léku tónlist. Framhaldsskólar landsins skoruðu hátt í könnuninni að þessu sinni en einnig leikskólar og frístundamiðstöðvar.

Í hópi stærstu starfsstaða voru fimm fyrirmyndarstarfsstaðir sem hlutu viðurkenningu. Auk sigurvegara flokksins, Tjarnarinnar, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir, þar af eru þrjár frístundamiðstöðvar. Þetta eru Frístundamiðstöðin Miðberg, Frístundamiðstöðin Brúin og Frístundamiðstöðin Kringlumýri. Frístundamiðstöðvarnar hafa margar vermt efstu sæti listans um árabíl.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var sigurvegari í hópi stórra ríkisstofnana þar sem starfsmenn eru 90 eða fleiri, en skólinn var í þriðja sæti stórra stofnana í fyrra. Vínbúðin ÁTVR varð í öðru sæti stórra stofnana og fór upp um þrjú sæti frá síðasta ári þegar hún hafnaði í fimmta sæti. Í þriðja sæti var Fjölbrautaskólinn við Ármúla sem á síðasta ári var í því sjöunda, og Fjármála- og efnahagsráðuneytið hafnaði í fjórða sæti í könnuninni en féll um tvö sæti frá síðustu könnun. Þá hafnaði Menntaskólinn við Hamrahlið í fimmta sæti í könnuninni og féll niður um eitt sæti frá því í síðustu könnun.

Sigurvegari í flokki meðalstórra stofnana með 40–89 starfsmenn var Menntaskólinn á Egilsstöðum en hann sigraði í sínum flokki einnig í síðustu könnun. Í öðru sæti var Þjóðskrá, í þriðja sæti Náttúrufræðistofnun, í fjórða sæti Ríkisendurskoðun og í fimmta sæti var Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

Í flokki minnstu stofnananna með 5–39 starfsmenn sigraði Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Menntaskólinn á Tröllaskaga varð í öðru sæti, Jafnréttisstofa sem sigraði á síðasta ári í þessum flokki varð nú í þriðja sæti. Geislavarnir ríkisins höfnuðu í fjórða sæti í ár og í fimmta sæti Kvikmyndasafn Íslands. Í flokki sjálfseignarstofnana og fyrirtækja í almannajónustu sigraði Heilsustofnun NLFÍ.

Frístundamiðstöðin Tjörnin sigraði enn á ný í flokknum borg og bær, stór starfsstaður. Hjá meðalstórum starfsstöðum sigraði Hitt húsið og Sambýlið Viðarrima var efst hjá litlum vinnustöðum. Auk sigurvegara flokksins Fyrirmyndarvinnustaðir Stofnun ársins – borg og bær (starfsstaðir 25–49), sem er eins og áður sagði Hitt húsið, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir. Þar af eru tveir leikskólar, Leikskólinn Grænaborg og Leikskólinn Lyngheimar. Þá eru Vesturbæjarlaug og Virknimiðuð stoðþjónusta Gylfaflöt einnig á listanum. Hástökkvari ársins í könnuninni var svo Menntaskólinn á Ísafirði. ●



# Stofnun ársins 2022

## Stofnun ársins 2022 – ríki

Fleiri en 90 starfsmenn

1. Fjölbrotaskóli Suðurnesja
2. Vinbúðin – Áfengis- og töbaksverslun ríkisins
3. Fjölbrotaskólinn við Ármúla

40–89 starfsmenn

1. Menntaskólinn á Egilstöðum
2. Þjóðskrá Íslands
3. Náttúrufræðistofnun Íslands

Færri en 40 starfsmenn

1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga
3. Jafnréttisstofa

## Hástötkvari ársins 2022

Menntaskólinn á Ísafirði

## Stofnun ársins 2022

– borg og bær

Fleiri en 50 starfsmenn

1. Fristundamiðstöðin Tjörnin
2. Fristundamiðstöðin Miðberg
3. Fristundamiðstöðin Brúin

25–49 starfsmenn

1. Hitt Húsið
2. Leikskólinn Grænaborg
3. Leikskólinn Lyngheimar

Færri en 25 starfsmenn

1. Sambýlið Viðarríma
2. Íbúðakjarni Starengi A
3. Skíðasvæðin

## Stofnun ársins 2022

– sjálfsseignarstofnanir og fyrirtæki í almennþjónustu

1. Heilsustofnun NLFÍ

Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn þann 16. febrúar en titillinn Stofnun ársins hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna.

Valið er byggt á svörum rúmlega 16 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðs-könnun landsins.

Sameykji stéttarfélag í almennþjónustu óskar stjórnmendum og starfshópi Stofnana ársins og hástötkveranum innilega til hamingju með glæsilegan árangur.



# Málþing

Sameyki stóð fyrir málþingi um mannauðsmál, Stjórnun í breyttum heimi – áskoranir sem mæta stjórnendum og starfsfólki, sem haldið var á undan hátíðinni Stofnun ársins þar sem veittar voru viðurkenningar þeim stofnunum sem skarað hafa fram úr á sviði mannauðsmála.

Málþingið var haldið á Hilton Nordica. Fyrirlesarar á málþinginu voru Haukur Ingi Jónasson, lektor í HR, sem fjallaði um traust í mannlegum tengslum og samstarfi á vinnustað, Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, fv. framkvæmdastjóri hjá Expedia Group, sem fjallaði um fjölbreytileika og kröfu um inngildingu á vinnustöðum, og Sigríður Hulda Jónsdóttir, hjá SHJ ráðgjöf sem fjallaði um tilgang og mikilvægi starfs og færni á 21. öldinni.

Að loknum fyrirlestrum var efnt til pallborðsumræðna og rætt um mannauðsmál á vinnustöðum á opinberum vinnumarkaði. Til máls tóku Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Aldís Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa og Jórunn Frímannsdóttir, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða.

Sameyki stéttarfélag í almannabjónustu vill með málþinginu vekja athygli á hve mikilvægt er að stjórnendur stofnana ríkis og sveitarfélaga hugi að mannauðsmálum á vinnustöðum til að stuðla að betri vinnustað, ánægðara starfsfólki og betri þjónustu við almenning.

## Traust

Haukur Ingi Jónasson, lektor í HR, fjallaði um traust í mannlegum tengslum og samstarfi á vinnustað á málþinginu. Sagði hann að það tæki tíma að vinna sér inn og byggja upp traust á vinnustöðum. Þá sagði hann að traust milli fólks væri lykilþáttur í mannlegum tengslum og samstarfi og einnig lykilmargbærni þess að skipulagsheild þroskist og dafni. Hann sagði að það tæki tíma og vinnu að byggja upp traust. Með því að sýna ítrekað og endurtekið fram á heilindi og góðan ásetning þá væri grunnur lagður að því að byggja upp traust hjá öðrum og koma á trausti milli aðila sem góð samskipti byggja á í raun. Hins vegar tæki stuttan tíma að glata trausti.

„Það segir sig sjálf að erfitt er að eiga í samskiptum við fólk sem maður treystir ekki. Traust þarf að ávinna og það krefst ásetnings og viðvarandi viðhalds. Traust er tilfinning fyrir því að einhver eða eitthvað muni reynast vel. Það er sú tiltrú að einstaklingur, heild, vara eða kerfi muni haga sér á tiltekinn hátt eða leiða til tiltekinna útkomu, enda byggir traust oft á reynslu, þekkingu, eða innsæi. Þá getur það spilað stórt hlutverk í persónulegum og faglegum samskiptum, ákvarðanatöku, og almennri vellíðan,“ sagði hann.

## Stefnur og markmið

Guðrún Hildur Ragnarsdóttir sagði að krafa um fjölbreytileika á vinnumarkaði og inngildingu fæli í sér að stjórnendur gerðu sér

grein fyrir fjölbreytileika fólks og það snerist að miklu leyti um tilfinningagreind. Þá þurfa stjórnendur einnig að geta greint að á vinnustöðum mætir fólk ýmsum hindrunum eftir stöðu, kyni, uppruna, trúarbrögðum o.fl. Þáttum sem þeir þurfa að vera meðvitaðir um til að skapa góðan vinnustað.



Gestir á málþingi Sameykis.



Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa, í pallborðsumræðunni.

Guðrún sagði að valdið væri hjá starfsfólki en ekki hjá stjórnendum. Krafa væri gerð um heiðarleika og traust stjórnenda og að hugsað væri vel um alla.

Taldi hún upp dæmi um stefnur og markmið hvernig vinnustaðir hefðu sett sér; að stjórnendur samanstóðu jafnt af konum og körlum, hafi fjölbreyttan bakgrunn, að jafnt kynjahlutfall sé í starfshópnum, að innleidd sé jafnlaunastefna, að á vinnustaðnum séu minnihlutahópar, þ.e. ólíkur menningarbakgrunnur.

„En, það er ekki nóg að setja sér innihaldsríkar stefnur og markmið á blað, þeim þarf að fylgja framkvæmd svo þær

öðlist inngildingum og verði að raunveruleika. Þetta snýst ekki um að ráða fólk út frá fjölbreytileika eingöngu til að tikka í box, heldur að tryggja jafna þátttöku ólíkra hópa á vinnumarkaði, að allir fái tækifæri til að taka þátt á vinnumarkaði. Staðreyndir er sú að samkvæmt könnun Expedia á íslenskum vinnumarkaði kemur í ljós, að einn af hverjum fjórum finnst þeir vera út undan á vinnustaðnum. 45 prósent inngildingar á vinnustað er ákvörðuð af yfirmanni, þeir sem bera „hvít“ íslensk nöfn fá helmingi fleiri boð um atvinnuviðtal en aðrir, og 40 prósent meiri líkur er að karlmaður fái boð í atvinnuviðtal en kvenmaður, og 80 prósent þeirra sem stunda ráðningar eru sammála um

hugarfar, jákvæðni, að vera opin(n) fyrir breytingum sem hluta af lífi og starfsumhverfi, átta sig á eigin framkomu og vera læs á umhverfi sitt.

Þá er mikilvægur sá hæfileiki að geta tengst öðrum sem skapar bæði traust og vekur þá tilfinningu að skipta máli, bæði faglega og persónulega. Og þegar við erum glöð og höfum starfsgleði búum við líka til jákvæða vinnustaðamenningu, erum sterkari í liðsheidinni og sýnum frumkvæði. Þetta endurspeglast í mörgum atvinnuauglýsingum í dag, þar sem ein af kröfunum er að



Haukur Ingi Jónasson fjallaði um traust í mannlegum tengslum og samstarfi á vinnustað.



Guðrún Hildur Ragnarsdóttir fjallaði um fjölbreytileika og kröfu um inngildingum á vinnustaðum.



Sigríður Hulda Jónsdóttir fjallaði um tilgang og mikilvægi starfa.



Jórunn Frímannsdóttir, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða, í pallborðsumræðu á málþinginu.



Gleðin skein úr svip gesta á málþinginu.

ómeðvitaða hlutdrægni (e. bias). Með óhlutdrægni þroskast vinnumarkaðurinn og það skapast meira traust og umhyggja fyrir fólki. Samfélagið verður betra á heildina lítið.“

### Tilgangur og færni

Sigríður Hulda ræddi um tilgang starfs og færni starfsfólks á 21. öldinni. Sagði hún að störf þyrftu að hafa tilgang og merkingu fyrir einstaklinginn og sérstaða hans í störfum færði viðkomandi ástríðu fyrir starfinu.

„Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli lífsánægju og starfsánægju, lykilorð þeirra í hvoru tveggja eru ákveðnir persónuleikabættir sem einkenna fólk; lausnamiðað

hafa „framúrskarandi samskiptahæfni, getu til að starfa sjálfstætt og að geta sýnt frumkvæði í starfi“. Ef það er ekki ástríða til staðar þá eru þessir bættir ekki til staðar þó þeir búi í einstaklingnum. Að setja sér mörk og skoða rammann hvernig maður er að forgangsraða tíma sínum og orku, þeim drifkrafti hjá sjálfum sér og í starfi er árangursríkt. Þá þarf að skoða hvað það er sem nærir flug viðkomandi í starfi, hvort sem það er virk hlustun eða framúrskarandi árangur. Samkvæmt rannsóknum er samvinna er sá þáttur sem styður mjög við starfsánægju og ástríðu. Þá er gott að skoða það hvernig fólk tengist í störfum sínum á vinnustaðnum svo skapist gleði og ástríða – meira flug.“ ●



# Litið yfir kjaramálin

Sameyki gerir 21 kjarasamning, þar á meðal við ríkið, Reykjavíkurborg, Samband Íslenskra sveitarfélaga og opinber hlutafélag innan SA. Einnig gerir félagið sérstaka samninga við Strætó, Faxaflóahafnir, Isavia, Fríhöfnina, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Ás styrktarfélag og ýmsar sjálfseignarstofnanir. Auk þessa gerir Sameyki stofnasamninga við allar stofnanir ríkisins, sem eru rúmlega 160, og kemur að starfsmati starfsmanna hjá Reykjavíkurborg og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Félagsfólk Sameykis sem starfar samkvæmt kjarasamningum félagsins er um 12.000 og það er því í mörg horn að líta þegar kemur að kjaramálum hjá félaginu.

## Hagvaxtaraukinn

Á árinu 2022 reyndi í fyrsta skipti á samningsákvæði sem gengur undir heitinu „hagvaxtarauki“. Um hagvaxtaraukann var samið fyrst í Lífskjarasamningunum 2019 með það að markmiði að laun myndu hækka samkvæmt umsaminni krónutölu í samræmi við útreiknaðan hagvöxt árið á undan, sjá hér til hliðar.

Þar sem hagvöxtur á árinu 2021 var á bilinu 2,51% – 3% hækkuðu viðkomandi kjarasamningar um 10.500 krónur frá og með 1. apríl 2022. Í nokkrum samningum var vísað

## Hækkun launa samkvæmt hagvaxtarauka

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 til 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 til 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 til 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 til 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

til hagvaxtaraukans án þess að taflan væri birt og mörgum stéttarfélagum kom á óvart móttprói og útufrýningur nokkurra samningsaðila gagnvart því að hækka grunnlaun í samræmi við niðurstöðu Lífskjarasamninganna. Aprílmánuður var því á margan hátt helgaður baráttu um að tryggja öllum félagsmönnum hagvaxtaraukann sem á endanum tókst að öllu leyti nema gagnvart ríkinu sem lækkaði krónutöluna með heimatilbúinni aðferðafræði úr 10.500 kr., sem allir fengu upp að launaflokk 16, í 7.875 kr. fyrir þá sem eru í launaflokk 23 eða hærri. Þessari aðferðafræði mótmælti Sameyki harðlega en eins og áður segir þá greiddu allir aðrir samningsaðilar fullan



hagvaxtarauka, 10.500 kr., á grunnlaun sinna starfsmanna og var þetta í fyrsta skipti í sögunni sem þessi aðferð er framkvæmd í kjaramálum.


### Umræða um að opinberir starfsmenn leiði launaþróunina

Í kjölfar Lífskjarasamninganna frá 2019 þar sem samið var um fasta krónutöluhækkun ofan á grunnlaun (í stað prósentuhækkana eins og oft áður) hefur verið stöðug umræða frá hagsmunasamtökum á almenna markaðnum um að opinberir starfsmenn leiði launaþróunina í landinu. Þessu hefur Sameyki svarað með vísan í launaupplýsingar Kjaratölfræðinefndar sem gefur til að mynda út upplýsingar um regluleg laun (grunnlaun + vaktaálag) eftir mismunandi hópum milli markaða og innan mismunandi heildarsamtaka, sjá meðfylgjandi töflu hér til hliðar.

Í þessari töflu sést að laun félagsfólks eru alltaf hæst þar sem samið er um laun á almennum markaði. Opinbert starfsfólk er alltaf með lægri regluleg laun innan hvers heildarsamtaka. Í þessum tölum koma fram meðaltöl launa, þannig að meiri eða minni launamunur getur verið milli einstakra hópa, en heildarniðurstaðan er að almenni markaðurinn er mun betur haldinn í launum en opinberir starfsmenn.

Krónutöluhækkanir Lífskjarasamninganna lögðust því jafnt á alla hópa en mældust hærrí sem prósentur eftir því sem launin voru lægri. Þannig er hægt að rugla umræðuna um auknið launaskrið opinberra starfsmanna en það er ljóst að enn vantar mikið upp á

### Regluleg heildarlaun fullvinnandi í maí 2022 - meðaltöl



Heimild: Kjaratölfræðinefnd, Heustkýrsla nóvember 2022

að jafna laun milli markaða. Allir vita að láglaunafólk borgar ekki fyrir matinn sinn með prósentum þótt gefið sé í skyn að laun hafi hækkað meira í þeim hópum með slíkum útreikningum.

### Jöfnun launa

Haustið 2016 gerðu stjórnvöld og heildarsamtök launafólks með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem miðaði að því að samræma lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Samræma átti lífeyrisréttindi á almennum og

opinberum vinnumarkaði, aldurstenging réttinda átti að verða grundvallarregla kerfisins og lífeyristökualdur átti að hækka (úr 65 í 67 ára) til að stuðla að sjálfbærni. Um leið skuldbundu stjórnvöld sig til að jafna launakjör opinberra starfsmanna við almenna vinnumarkaðinn með markvissum aðgerðum á næstu 6–10 árum.

Nú eru liðin 6 ár frá samkomulaginu og það er skemmst frá því að segja að fram að þessu hafa ekki komið neinar skilgreindar krónur í vasa opinberra starfsmanna vegna þessa.

Engu að síður hefur mikil greiningarvinna farið fram á vegum starfshóps um verkefnið þar sem fulltrúar allra samningsaðila eiga sæti. Þar hefur meðal annars komið fram að launamunur á milli markaða er að meðaltali um 17% en þó mjög mismunandi eftir störfum og starfahópum, þ.e. allt frá því að vera ekki til staðar upp í um 30%. Úrlausnin felur því í sér ákveðna áskorun um útfærslu en fulltrúar heildarsamtaka launafólks hafa sagt að málið geti ekki dregist lengur, lausn og útfærsla verði að koma fram áður en næstu kjarasamningar verða gerðir 2023.

## Námsstefna hjá Ríkissáttasemjara

Á árinu bauð Ríkissáttasemjari upp á þriggja daga námsstefnu fyrir samninganefndir aðila vinnumarkaðarins sem koma að samningaborðinu í kjarasamningaviðræðum, þ.e. hvort tveggja samninganefndarfólk sem er í forsvari fyrir vinnuveitendur og stéttarfélag. Námsstefnunum var dreift milli landsfjórðunga og fóru 7 fulltrúar Sameykis til Ísafjarðar í maí, 7 fóru í Stykkishólm í september og að lokum 5 til Egilsstaða í nóvember. Með þessu skipulagi vildi Ríkissáttasemjari gefa tækifæri til að bæta vinnubrögðin við kjarasamningagerðina, læra nýjustu aðferðir, deila reynslu og efla marksækni og fagmennsku við samningaborðið.

Markmið námsstefnunnar var að:

- Efla færni samninganefndarfólks
- Auka fagmennsku við kjarasamningsborðið
- Stuðla að órofa samningaferli

Að námskeiðinu loknu áttu þátttakendur að hafa öðlast:

- Þekkingu á lögum og leikreglum sem tengjast kjarasamningagerðinni.
- Þekkingu á þáttum sem stuðla að virðingu, trausti, fagmennsku og bestu niðurstöðum í samningagerð.
- Þekkingu á efnahagslegu samhengi og þjóðhagslegu mikilvægi kjarasamninga.
- Leikni til að takast á við hindranir í viðræðum.
- Leikni í samskiptum, tali, hlustun og fasi.
- Þekkingu, leikni og hæfni í undirbúningi fyrir margþættar samningaviðræður.
- Hæfni til að skipuleggja og vinna með heildarferli kjarasamninga, frá samningi til samnings.
- Hæfni til að semja vel og stuðla að gagnkvæmum ávinningi í kjarasamningagerð.

Sameyki átti samt 19 fulltrúa að þessu sinni og var það einróma niðurstaða að vel hefði tekist til og mikilvægt væri að félagið taki fullan þátt þegar boðið er upp slíkt skipulag.

## Morgunverðarfundir

Á haustmánuðum 2022 stóð Sameyki fyrir svokölluðum morgunverðarfundum um land allt með félagsfólki Sameykis. Í Reykjavík voru haldnir 6 fundir, þar af einn sem var sérstaklega miðaður að félagsfólki af erlendum uppruna, en auk þess voru fundir á Akranesi, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum. Markmiðið með fundunum er að auka samtal á milli skrifstofu Sameykis og félagsfólks um kjara- og efnahagsmál í aðdraganda kjarasamningagerðar. Á fundunum fór Þórarinn Eyfjörð formaður yfir stöðuna í efnahagsmálum og Guðmundur Freyr Sveinsson deildarstjóri kjaradeildar ræddi um reynsluna af síðustu kjarasamningum. Í kjölfarið var fundarfólki skipt í umræðuhópa sem skiluðu af sér niðurstöðum um hver markmið næstu kjarasamninga ættu að vera.

Það er skemmst frá því að segja að mikill samhljómur var á milli funda varðandi þau áherslumál sem félagsfólk Sameykis vill sjá gerast á komandi misserum. Þau undurspeglast meðal annars í eftirfarandi punktum:

- Áframhaldandi krónutöluhækkunar
- Áframhaldandi hagvaxtarauki
- Tryggja að allir fái styttingu vinnuvikunnar
- Jafna laun milli opinbera markaðarins og almenna markaðarins
- Aðfangadagur og gamlársdagur verði að fullu frídagar
- Réttur á launuðu leyfi á starfsdögum og vetrarfríum í skólum
- Réttur á launuðu leyfi vegna veikinda eða andláts nákominna
- Réttur á heimavinnu
- Hækkun á persónuafslætti

## Útvistun í almannajónustu

Í haust reis mikil óánægjuálda meðal félagsfólks og fulltrúaráðs vegna útvistarstefnu á akstursleiðum Strætó bs. Sama mál kom upp fyrir ári síðan og því má segja að þolinmæði gagnvart slíkri einkavæðingu í þjónustu almenningsvagna hafi þrotið. Fulltrúaráð Sameykis samþykkti því eftirfarandi ályktun á fundi sínum 27. október 2022:

Það er augljóst að með einkavæðingu aksturshluta Strætó bs. verður þjónusta við notendur dýrari, eins og dæmin sanna. Ef af þessum áformum verður mun að öllum líkindum öllum vagnstjórum félagsins og starfsmönnum í stoðþjónustu við vagnana verða sagt upp störfum og dýrmæt reynsla og þekking glatast.

Fulltrúaráð Sameykis gagnrýnir harðlega stjórn sveitarfélaganna sem eiga Strætó bs.; Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og

Seltjarnarnesbæ fyrir að veita ekki nægilegu fé til rekstrarins og standa ekki í fæturna gagnvart ríkinu, sem ekki stóð við að veita fé til rekstrarins í COVID-19 faraldrinum. Þá gagnrýni fulltrúaráð Sameykis hvernig haldið hefur verið um rekstur félagsins af hendi sveitarfélaganna og stjórnenda.

Strætó er byggðasamlag um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem starfar á grundvelli stofnsamnings frá 7. maí 2001 og þar segir í gr. 5.8. að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á stjórn fyrirtækisins. Fulltrúaráð gerir sér grein fyrir að stjórnin skýlir sér bak við hann með sínar áætlanir um að bjóða út reksturinn, en fulltrúar sveitarfélaganna í fyrirtækinu bera ábyrgðina í þessari feigðarför Strætó bs.

Fulltrúaráð Sameykis óttast að einkavæðing Strætó bs. muni koma illa niður á starfsfólki, almennu launafólki, efnalitlu fólki og námsfólki. Fulltrúaráðið krefst þess að öllum áformum um einkavæðingu Strætó bs. verði tafarlaust hætt og gangsett verði áætlun samfélagslegrar velferðar sem styrki Strætó bs. til framtíðar.

## Stofnanasamningar

Stofnanasamningar eru hluti af kjarasamningum við ríkið og eru þeir í stöðugri þróun og endurskoðun en í 11. kafla kjarasamnings Sameykis við ríkið segir m.a.: „Í stofnanasamningi skal semja um grunnröðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.“ Þar sem stofnanasamningar fylgja ekki kjarasamningagerð er félagið stöðugt tilbúið í vinnu við endurskoðun þeirra þegar viðeigandi aðstæður krefjast hjá tilteknum stofnunum.

Sameyki gerir um 150 stofnanasamninga og af þeim var unnið að endurnýjun á nokkrum þeirra, það er:

- Barna- og fjölskyldustofa
- Fangelsismálastofnun
- Fiskistofa
- Fjölbrotaskóli Vesturlands (lokið)
- Fjölbrotaskólinn við Ármúla
- Háskólinn á Akureyri
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands (lokið)
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (lokið)
- Landgræðslan
- Landhelgisgæslan
- Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu
- Skatturinn (lokið)
- Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
- Vegagerðin
- Vinnuálastofnun (lokið)

## Kjarasamningar við OHF-félögin

Fjórir kjarasamningar runnu út á árinu en gildistími þeirra var til 1. nóvember 2022. Samningarnir eru allir við hlutafélög í opinberri eigu og fara því samningaviðræður fram undir hatti Samtaka atvinnuulfsins. Þessi félög eru Isavia, Fríhöfnin, Rarik og Orkuveita Reykjavíkur. Auk þess rann kjarasamningur Sameykis við Ríkisútvarpið út um áramótin.

Fulltrúaráð félagsins fjallaði um kröfugerð gagnvart þessum félögum á fundi sínum 11. október 2022. Lagðar voru fram meginkröfur sem eru síðan unnar nánar af hverri samninganefnd fyrir sig gagnvart viðkomandi samningsaðila. Kröfugerðin er þannig byggð upp að fyrst eru sett fram meginmarkmið og á eftir fylgja kröfur með nánari útfærslu. Að lokum koma fram önnur mál sem varða t.a.m. breytingar á vinnumarkaði.

Í kröfugerðinni má m.a. finna nokkrar grundvallarkröfur sem hafa verið settar fram á undanförunum árum auk nýrra. Ber þar sérstaklega að nefna endurheimt kaupmáttar og styrkingu hans og einnig styttingu vinnuvikunnar en í síðustu samningalotu sem stóð yfir 2019–2020 náðist fram lítil afangi á almennum markaði í þeirri vegferð þegar vinnudagurinn styttist um 13 mínútur á dag. Í kjarasamningum á opinberum markaði var á sama tíma samið um 36 stunda vinnuviku og ljóst að taka þarf árangursríkari skref í að stytta vinnutíma hjá starfsfólki hjá félögum í eigu opinberra aðila. Einnig er nauðsynlegt að skoða launaþróun félagsfólks Sameykis á undanförunum árum og tryggja að það njóti sama launaskriðs og er að jafnaði á almennum markaði.

**Kröfurnar eru vandlega útlistaðar gagnvart hverjum viðsemjanda en byggja allar á meginmarkmiðunum þremur sem eru:**

- Hækkun launa og aukinn kaupmáttur
- Stytting vinnuviku og betri vinnutími
- Aukin réttindi og sveigjanleiki á vinnumarkaði

## Starfsmannahald

Breytingar urðu í starfsmannahaldi á kjaradeild Sameykis undir lok árs 2022 þegar Þorsteinn Skúli Sveinsson lögfræðingur lét af störfum og í hans stað kom Jenný Þórunn Stefánsdóttir. Jenný Þórunn hafði áður starfað sem lögfræðingur Vinnuálastofnunar en hún er með meistarapróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Þá var ráðgert að Árni Stefán Jónsson fyrrverandi formaður Sameykis myndi láta af störfum haustið 2023 en vegna veikinda í kjaradeild samþykkti hann að leggja félaginu áfram lið sitt enda í mörg horn að líta í aðdraganda lausra kjarasamninga á opinberum markaði. Auk Jennýjar Þórunnar og Árna Stefáns starfa á kjaradeild Guðmundur Freyr Sveinsson sem deildarstjóri og Stefanía Jóna Nielsen sérfræðingur.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð eru spennandi tímar framundan í kjaramálum þar sem annars vegar hafa samningar ekki náðst við opinberu hlutafélögin sem starfa undir hatti SA og stutt er í að margir samningar losna á opinbera markaðnum, þ.e. 31. mars 2023. Árið 2023 mun vonandi leiða í ljós góða framvindu í kjarabaráttu Sameykis við viðsemjendur sína. ●



# Fræðslusjóðir

Á árinu 2022 voru afgreiddir 3132 starfsmenntunarskyrtilir til félagsfólks, en þeir voru 2860 árið 2021. Styrkafgreiðslum fjölga því um 272 og útgjöldin aukast um 13%. Fjölgunin er mest í styrkjum vegna náms- og kynnisferða erlendis eða útgjaldaaukning um 98,3%. Styrkir vegna náms- og kynnisferða þurrkuðust nánast út á tímum covid-heimsfaraldursins.

Þá voru á árinu 2022 afgreiddir 1098 starfsþróunarskyrtilir til félagsfólks, en þeir voru 800 árið 2021. Styrkafgreiðslum fjölga því um 298 og útgjöldin aukast um 12,4%. Fjölgunin er mest í styrkjum vegna ráðstefnugjalda en þar er aukning í útgjöldum upp á 85%, en styrkir vegna ráðstefna sem oftast eru erlendis voru í lægð í heimsfaraldrinum.

Félagsfólk sem er í starfi sem krefst háskólamenntunar og starfar hjá Ás, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Skálatúni, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Strætó og sveitarfélögum getur sótt um styrki vegna vísindaverkefna –starfsþróunar. Afgreiddir voru 400 styrkir á árinu, en þeir voru 174 árið 2021.

Þá má geta þess að Félag starfsmanna stjórnarráðsins (FSS) er með þjónustusamning við Sameyki sem sér um afgreiðslu fræðslustyrkja til félagsfólks FSS sem er 257 talsins. Á árinu 2022 voru afgreiddir 11 starfsmenntunarskyrtilir samtals að upphæð 610.366 kr. og 9 starfsþróunarskyrtilir samtals að upphæð 1.406.000 kr. sem gerir samtals 2.016.366 í fræðslustyrki, en upphæðin var 1.429.910 kr. á árinu 2021.

- Stjórn Starfsmenntunarsjóðs Sameykis hélt fjórtán fundi á árinu 2022. Núna eiga sæti í stjórninni Bjarni Bjarnason, Jóhanna Rúnarsdóttir, Ólöf Rún Steinarsdóttir, Svanhildur Steinarsdóttir, Trausti Jónsson og Þórdís Viborg.

- Stjórn Fræðslusjóðs fundaði tíu sinnum á árinu 2022. Í stjórninni sitja nú fyrir hönd Sameykis þau Árne Stefán Jónsson, Guðmundur Freyr Sveinsson, Þórarinn Eyfjörð og Þórdís Sigurgestsdóttir. Fyrir hönd Reykjavíkurborgar sitja í stjórninni Ásta Bjarnadóttir og Íris Jóhannsdóttir.
- Stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs Sameykis hélt fimm fundi á árinu 2022. Í stjórn sitja fyrir hönd Sameykis þau Berglind Margrét Njálssdóttir og Þórarinn Eyfjörð. Fyrir hönd fjármálaráðherra sitja í stjórn þau Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson.

## Fræðslusjóður Sameykis

Eitt af verkefnum Fræðslusjóðs Sameykis er að úthluta styrkjum til Reykjavíkurborgar, Félagsbústaða, Strætó og Faxaflóahafna. Fræðslusjóður úthlutaði 25.839.286 kr. á árinu 2022, en 12.952.840 kr. á árinu 2021. Alls voru þetta 68 styrkir; 65 til Reykjavíkurborgar, 2 til Strætó og 1 til Félagsbústaða.

Framlag Fræðslusjóðs til starfsþróunarskyrtila var rúmar 57 milljónir á árinu 2022 en stjórnin hefur falið stjórn Starfsmenntunarsjóðs að sjá um úthlutun starfsþróunarskyrtilanna með sama hætti og gert er hjá Þróunar- og símenntunarsjóði. Þá var framlag Fræðslusjóðs til starfsmenntunarskyrtila rúmar 104 milljónir á árinu 2022.

## Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis

Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis úthlutar styrkjum til stofnana, ráðuneyta og atvinnurekenda sem greiða í sjóðinn. Þetta eru Ás styrktarfélag, Fríhöfn, Isavia, Klettabær, Matís, Rarik, ríkisstofnanir, ráðuneyti fyrir starfsfólk í FSS, SÁÁ, SFV – Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignarstofnanir, Skálatún og Vínakot.







# Fræðslustarf

Helstu fræðslutengdu verkefni á árinu 2022 voru skipulagning trúnaðarmannafræðslu, Gott að vita námskeiðin, samstarf við fræðslumiðstöðvar, þátttaka í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina og starf með Framtíðarnefnd BSRB svo eitthvað sé nefnt.

Starfsgreinaráð HFU vann áfram að endurskoðun á hæfni-kröfum starfa sem heyra undir ráðið. Mikilvægt er að uppfæra hæfnikröfur svo þær séu í takt við þróun starfa. Starfið í Framtíðarnefnd BSRB, sem tók við af Menntanefnd BSRB, hefur m.a. snúist um að forgangsraða verkefnum en stefnt er að því að halda vinnudag um trúnaðarmannafræðslu ásamt að halda menntadag á árinu 2023. Þá hefur verið fjallað um færniþörf og þróun hennar meðal félagsfólks aðildarfélaga BSRB.

Fræðslustjóri og formaður Sameykis tóku þátt í afmælisferð til Danmerkur á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar en árið 2021 voru 20 ár liðin frá stofnun Starfsmenntar. Í tilefni af þessum tímamótum var ákveðið að heyra hvað frændur okkar Danir hafa þróað og hvernig málin standa þar í landi, en Starfsmennt hafði fengið Erasmus+ styrk fyrir þessari fræðsluferð sem loksins náðist að fara í maí. Eftir þriggja

„Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu, enda hafa rannsóknir sýnt að þátttaka á hvers konar námskeiðum virkar oftast sem hvati til að læra meira.“

daga fræðsluferð stóð meðal annars upp úr að Danir leggja mikla áhersla á að þjálfa og styðja við stjórnendur hjá hinu opinbera. Mikilvægt er að nálgast þjálfun og stuðning á forsendum þess að stjórnendur bera ábyrgð á að skila góðri, traustri og skilvirkri þjónustu þar sem virðið fyrir íbúana skipar stóran sess. Einnig leggja Danir mikla áherslu á að greina hvað starfsfólk þarf að bæta við sig til að mæta áskorunum vinnumarkaðar framtíðarinnar. Þeir vinna mikið með „hæfnihjól“ sem hafa verið aðlöguð að mismunandi

störfum og geta þannig unnið markvisst að því að bjóða upp á fræðslu sem hentar. Einnig vinna þeir með „hæfnihjólin“ fyrir starfsmannahópa, deildir og svið. Þannig geta þeir fundið út hvaða hæfni vantar inn á vinnustaði. Þá er áberandi áhersla þeirra á samtal og undirbúning verkefna.



### Gott að vita

Gott að vita fyrirlestrar og námskeið fyrir félagsmenn Sameykis og Kjalar urðu 54 talsins (samtals 154 klukkustundir) á árinu 2022 og voru haldnir í Reykjavík, á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. 487 pláss voru nýtt á fyrirlestrunum og námskeiðunum. Þetta árið voru 35 í fjarnámi og 19 í staðnámi. Unnið er að því að finna jafnvægið þar á milli eftir reynslu í heimsfaraldri. Þátttakendur sóttu m.a. námskeið tengd starfslokum, fjármálum, lestri launaseðla, fræðslu um hvernig hægt er að viðhalda góðri heilsu, líkamlegri og andlegri, ásamt að læra um Pólland og

Marokkó, árangursrík samskipti, súrdeigsbrauðbakstur og ræktun pottaplantna.

Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu, enda hafa rannsóknir sýnt að þátttaka á hvers konar námskeiðum virkar oftast sem hvati til að læra meira.

Framvegis, miðstöð um símenntun, heldur utan um námskeiðin í Reykjavík í samstarfi við Sameyki og fundar til að ákveða námsframboð fyrir hverja önn. Námskeiðin á Norðurlandi og á Vestfjörðum eru í samstarfi við Kjöl stéttarfélag, Farskóla Norðurlands vestra, Sírný og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

### Fræðsla trúnaðarmanna

Haldin voru fimm símenntunarnámskeið í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt og einnig var að venju boðið upp á trúnaðarmannánám Félagsmálaskóla alþjóðu, alls átta námskeið á árinu 2022. Námið skiptist upp í sex tveggja daga námskeið, alls 96 kennslustundir. Allir hlutar voru í boði á árinu. Boðið var upp á 1. hluta og 2. hluta námsins tvisvar sinnum. Hlutar 1 og 5 hafa færst alfarið yfir í fjarnám en hlutar 2, 4 og 6 eru kenndir með hefðbundnum hætti. Búið er að skipta 3. hluta upp þannig að almannatryggingar eru kenndar á staðnámskeiði en lestur launaseðla er í fjarnámi, en ekki náðist að bjóða upp á þann hluta á árinu. Um 122 námskeiðssæti voru nýtt af trúnaðarmönnum á ofangreindum námskeiðum, þar af voru 79% konur og 23% karlar.

Símenntunarnámskeiðin voru Launamyndunarkerfi - starfsmat/stofnanasamningar, Velliðan - jákvæð samskipti og menning á vinnustað, Spjall um hlutverk trúnaðarmanna, Bætt samskipti með virkri hlustun og námskeið um vaktavinnu. ●





# Styrktar- og sjúkrasjóður

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis hélt sjö stjórnarfundum á árinu 2022. Afgreiddar voru alls 5495 umsóknir að upphæð 286.978.593 kr. sem er hækkun milli ára um 32,1 milljónir eða 13%. Umsóknum fjölgaði um 4,2% á milli ára.

Sjúkradagpeningar eru stærsti útgjaldaliður sjóðsins eða 42% af heildarútgjöldum, samtals voru 120,8 milljónir greiddar, sem er hækkun frá árinu 2021 um 18,2 milljónir en samtals voru greiddar 102,5 milljónir árið 2021.

Umsóknir um fæðingarstyrk voru 177, að upphæð kr. 36,4 milljónir, 13% af heildarútgjöldum. Það er ánægjuefni að þessi styrkur hefur farið ört vaxandi síðastliðin ár, t.d. voru greiddar 27 milljónir árið 2019 fyrir alls 126 umsóknir. Sálfræðistyrkurinn var hækkaður áramótin 2018-2019. Við breytinguna hækkaði sá styrkur úr 6,5 milljónum í 11,7 milljónir árið 2019 eða rúmar 5 milljónir meira en árið áður. Árið 2021 voru alls 17,5 milljónir greiddar í alls 805 umsóknum eða 7% af heildarútgjöldum sjóðsins. Enn er vöxtur á þessum styrk og samtals voru greiddar 19,5 milljónir 2022 sem er 11,8% aukning og 7% af heildarútgjöldum sjóðsins. Fyrir sjúkraþjálfun voru alls greiddar 17 milljónir. Þessir tveir styrkir; sjúkraþjálfun og sálfræðiþjónusta, hafa hækkað mikið á covid-tímum og eru samtals um 13% af gjöldum sjóðsins.

Að veltu er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn en alls voru afgreiddar 1.728 umsóknir að upphæð 36,4 milljónir. Mun fleiri konur en karlar nýttu sér styrkina, eða 4095 konur sem fengu afgreidd 75% af fjölda á móti 1400 körlum eða 25% af umsóknum.

Um mitt árið kom til starfa hjá félaginu Ingibjörg Dís Gylfadóttir. Ástæða ráðningar Ingibjargar var sú að ljóst var að síðasta skrefið í sameiningu SFR og STRV yrði tekið með

flutningi félagsfólks Sameykis úr Styrktarsjóði BSRB í einn sameinaðan Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis. Ingibjörg Dís starfaði áður á skrifstofu Eflingar í sjúkrasjóði og hefur Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis notið góðs af mikilli reynslu hennar.

Mikil vinna fór í sameiningarferlið, breyta þurfti úthlutunarreglum til að gæta þess að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar ásamt að félagsfólk héldi réttindum sínum. Stærsta breytingin er að frá og með 1. janúar 2023 í nýjum sameinuðum sjóði þarf félagsfólk að greiða í 6 mánuði af 12 og þar af 3 mánuði samfelt fyrir styrkveitingu. Við þessa breytingu aukast réttindi félagsfólks umtalsvert; frá því að þurfa að greiða í 12 mánuði af 24 og fallið er frá kröfu um lágmarks félagsgjöld ásamt 12 mánaða félagsaðild. Þetta á við um alla styrki og allt félagsfólk, einnig þá sem greiða til félagsins vegna atvinnuleitar hjá Vinnumálastofnun og áttu rétt á hluta af styrkjum í Styrktarsjóði BSRB. Einnig breyttust almanaksstyrkir yfir í 12 mánaða tímabil og fljóta þá réttindi eftir því hvernig styrkir eru nýttir miðað við dagsetningar en ekki almanaksár.

Réttindi taka mið af áður úthlutaðum styrkjum í báðum sjóðum á nýju ári. Styrkur vegna Heilsustofnunar breytist

## Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis (kosin á aðalfundi 2021)

Jóhanna Lára Óttarsdóttir frá Sýslumanninum í Reykjavík (tilnefnd af stjórn), Ómar Árnason frá Tækniskólanum, Pálmey H. Gísladóttir frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, Pétur Ásbjörnsson frá Landspítala, Erlingur Arthursson frá HNLFI og Katrín Kristín Hallgrímsdóttir frá Hólabrekkuskóla.



úr 2.500 krónum á dag í allt að 42 daga yfir í kr. 3.750 í 28 daga á 12 mánaða tímabili. Tæknifrjógunarstyrkur var á 24 mánaða fresti í Styrktarsjóði BSRB en verður á 12 mánaða tímabili. Tannlæknastykur heldur reglu Styrktarsjóðs Sameykis í nýjum sjóði sem er einu sinni á 24 mánaða fresti. Hættu að reykja styrkur var lagður niður vegna lítilla vinsælda síðustu ár. Ljóst var að bregðast þurfti við varðandi reglu vegna sjúkrapjálfunar og nudds, afgreiðsla styrksins var orðin mjög flókin og tímafrekur útreikningur við hverja afgreiðslu. Sú regla var tekin upp að greidd eru 50% af reikningi og að hámarki 32.000 kr. á 12 mánaða tímabili. Þetta þýðir að greitt er hraðar og hærra í einu hverju sinni.


Nú þegar allir eru sameinaðir í einn sjóð getur stjórn sjóðsins farið í árlega vinnu og tekið til endurskoðunar styrkveitingar og upphæðir styrkja sjóðsins. Þessi vinna hefur legið niðri þar sem réttur félaga var í tveimur sjóðum og þar sem ekki var hægt að stýra réttindum beggja sjóða þá var farin sú leið að reyna að hafa réttindi eins jöfn og hægt var.

Sjóðurinn vill þakka öllum þeim sem komu að þessari vinnu kærlega fyrir aðstoðina og bindur vonir við að þessi samtryggingarsjóður okkar allra geti áfram stutt jafn dyggilega og ríkulega við okkar félagsfólk og undanfarin ár. ●

## Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis

Flokkur	Greidd upphæð 2022	Konur	%	Karlar	%	Fjöldi styrkja 2022	%
Augnaðgerð	2.600.000 kr.	17	61%	11	39%	28	1%
Dánarbætur	1.840.000 kr.	8	67%	4	33%	12	1%
Ferðastyrkur	220.000 kr.	8	80%	2	20%	10	0%
Fæðingarstyrkur	36.056.760 kr.	110	62%	67	38%	177	13%
Gleraugna eða linsukaupastyrkur	8.649.182 kr.	332	72%	132	28%	464	3%
Heilsustofnun NLFÍ	1.602.500 kr.	24	96%	1	4%	25	1%
Heymartæki	3.923.651 kr.	14	45%	17	55%	31	1%
Hjartavernd	760.000 kr.	26	68%	12	32%	38	0%
Krabbameinsrannsóknir framh.	667.915 kr.	57	83%	12	17%	69	0%
Krabbameinsskoðun	1.700.563 kr.	343	100%	0	0%	343	1%
Líkamsrækt	36.387.703 kr.	1196	69%	532	31%	1728	13%
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	19.731.242 kr.	578	73%	213	27%	791	7%
Sérstakar aðstæður	155.000 kr.	2	67%	1	33%	3	0%
Sjúkradagpeningar	120.859.696 kr.	274	73%	99	27%	373	42%
Sjúkrapjálfun og nudd	17.193.678 kr.	809	81%	185	19%	994	6%
Tannlæknakostnaður	30.476.017 kr.	258	71%	105	29%	363	11%
Tæknifrjógun	4.139.686 kr.	38	84%	7	16%	45	1%
Hætta að reykja	15.000 kr.	1	100%	0	0	1	0%
<b>Samtals</b>	<b>286.978.593 kr.</b>	<b>4095</b>	<b>75%</b>	<b>1400</b>	<b>25%</b>	<b>5495</b>	<b>100%</b>





úr því hjá ritstjóra tímaritsins að fá sérfræðinga á sínu sviði til að skrifa burðargreinar í tímaritið til að fá sem bestan skilning á ýmsum málum sem varða Sameyki og samfélagið. Þá er upp úr lagt að í tímaritinu sé fjallað um verkalyðspólítíkina og þar sé vettvangur sem endurspeglar skoðanir stjórnar Sameykis á þeim ákvörðunum stjórnvalda sem varða félagsfólk og áhrif hafa á samfélagið allt. Tímaritið er hannað og undirbúið til prentunar á skrifstofu Sameykis og er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er blaðið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.

### Fjölmiðlavöktun

Umræða í fjölmiðlum sem tengist Sameyki og þeim málaflokkum sem eru á dagskrá hjá félaginu er vöktuð. Samantekt með fréttum er send á starfsfólk Sameykis og stjórn félagsins. Markmiðið er að senda 10 pósta að meðaltali í mánuði.

### Facebook – @sameyki

Fylgjendur á Facebook-síðu félagsins eru rúmlega 6000. Þar birtast fréttir frá Sameyki og leitast er við að deila áriðandi tilkynningum til félagsfólks og ýmsum fróðleik. Öll námskeið sem Sameyki stendur fyrir er nú hægt að skoða og skrá sig á í viðburðadagatali á Facebook-síðu félagsins. Hægt er að stofna umræður á Facebook undir kenningu @sameyki.

### Twitter – @sameyki2019

Sameyki er með Twitter-reikning og vekur þar athygli á félaginu og fylgist með samfélagsumræðunni að einhverju leyti þar. Birtar eru fréttir og tíðindi af málefnum félagsins eins og kostur er. Hægt er að vitna í Sameyki í umræðum á Twitter með kenningu @sameyki2019.

### Instagram – #sameyki

Sameyki hefur aukið virkni sína á Instagram að því leyti að þar birtast fréttir og ljósmyndir af því sem er markverðast á hverjum

tíma. Auglýstir eru viðburðir Sameykis og annað það sem þykir fréttæmt hjá félaginu jöfnum höndum á Instagram og Facebook. Sameyki notar myllumerkið #sameyki á Instagram.

### Veffréttabréf

Veffréttabréfið er sent reglulega á netfang félagsfólks. Sendar eru út tilkynningar um námskeið, kosningar og fréttir sem eiga erindi. Veffréttabréfið hefur skilað góðum árangri þegar fundir Sameykis eru haldnir og þegar koma þarf mikilvægum skilaboðum á framfæri með skjóttum hætti til félagsfólks.

### Orlofsblað

Orlofsblað Sameykis kom út í febrúar 2022 og barst félagsfólki um miðjan febrúarmánuð líkt og á þessu ári. Blaðið er unnið alfarið á skrifstofu Sameykis. Orlofsblaðið á að þjóna hlutverki handbókar sem gott er að grípa til og afla sér nauðsynlegra upplýsinga um alla orlofskosti og annað þeim viðkomandi á þægilegan og skýran máta. Þar er að finna lýsingar á öllum orlofshúsum og orlofskostum félagsins sem standa félagsfólki til boða, auk ítarlegra leiðbeininga um orlofskerfi Sameykis. Orlofsblaðið er ávallt sent heim til alls félagsfólks í Sameyki. Slóðin á Orlofshúsavefinn er orlof.is/sameyki/

### Ársskýrsla

Sameyki gaf út í þriðja sinn ársskýrslu sína á árinu 2022 og lagði fram á aðalfundi stéttarfélagsins sem haldinn var fimmtudaginn 31. mars 2022. Ársskýrslan er alfarið unnin af starfsfólki Sameykis á skrifstofu þess.

### Dagbók

Gefin var út dagbók og var félagsfólki boðið að fá hana senda heim eða sækja sjálft á skrifstofu félagsins. Bókin er í A6 opnu broti og inniheldur auk dagatalsins ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfsemi félagsins. Fjölmarginir nýttu sér að fá bókina senda til sín í pósti. ●

# Skrifstofa

Þau eru bæði fjölbreytt og mörg verkefni sem fara í gegnum hendur starfsfólks á skrifstofu Sameykis. Starfsemin byggir á miklum samskiptum við félagsfólk í gegnum kjara- og réttindamál, rekstur sjóða félagsins og orlofskerfisins auk daglegs rekstrar og ýmissar útgáfu. Á skrifstofunni er haldið utan um allt félagsstarf og viðburði hjá Sameyki, s.s. fundi stjórnar Sameykis, fulltrúaráðs, trúnaðarmannaráðs, stjórnra sjóða og nefnda og allra deilda innan félagsins, stofnun ársins o.fl. Félagið er stórt og vaxandi en fjöldi félagsfólks er orðinn um 13 þúsund.

Undanfarin ár hafa verið mjög sérstök þar sem miklar hömlur voru á hvers kyns fundahaldi og viðburðum. Það var því kærkomið að geta aftur farið um og hitt félagsfólk á vettvangi en félagsfundir voru á haustmánuðum haldnir um allt land. Annað fundahald komst líka í góðan farveg en nú eru flestir fundir sem haldnir eru á vegum félagsins staðfundir þar sem boðið eru upp á rafræna þátttöku. Slíkt fyrirkomulag hefur gefið góða raun og þátttöku í félagsstarfinu er virkilega góð.

Stöðugt er unnið að því að styrkja starfsumhverfið með

það að leiðarljósi að bæta þjónustu við félagsfólk. Töluverð vinna hefur verið lögð í að marka stefnu fyrir starfsemi félagsins á vettvangi stjórnar og fulltrúaráðs. Mikilvægt er að breið samstaða sé um framtíðarsýn og unnið sé eftir sameiginlega mótaðri stefnu. Á árinu var haldið áfram með innleiðingu Work Point skjalavistunarkerfisins sem gegnir lykilhlutverki í utanumhaldi gagna sem berast frá félagsfólki vegna umsókna og annarra samskipta við félagið. Kerfið heldur einnig utan um alla samninga sem félagið er aðili að ásamt að vera öflug fundagátt. Til að bæta aðgengi fólks að félaginu og til að efla gagnaöryggi var unnið að innleiðingu á nýjum mínum síðum.

Eitt stærsta verkefni ársins var undirbúningur á flutningi allra Sameykisfélaga úr Styrktarsjóði BSRB í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis. Verkefnið hefur tekist vel í alla staði og er mikil þjónustubót við félagsfólk.

Óverulegar breytingar urðu á hópnum á skrifstofunni á árinu en þó létu tveir einstaklingar af störfum, einn nýr bættist í hópinn og ráðningu lauk á öðrum sem von var á til starfa eftir áramótin. ●

## Starfsfólk skrifstofu Sameykis



Anna Dóra Þorgeirsdóttir  
Fjármálfulltrúi



Axel Jón Ellenarson  
Kynningarfulltrúi



Árni Stefán Jónsson  
Sérfræðingur í kjaradeild



Guðmundur Freyr Sveinsson  
Deildarstjóri kjaradeildar



Guðný Elisabet Leifsdóttir  
Fjármálastjóri



Gunnsteinn R. Ómarsson  
Skrifstofustjóri



Harpa Björk Hilmarsdóttir  
Verkefnastjóri orlofsmála



Hrannar Gíslason  
Verkefnastjóri sjóða



Ingibjörg Dís Gylfadóttir  
Verkefnastjóri sjóða



Izabela Miller  
Verkefnastjóri sjóða



Íris Gefnardóttir  
Þjónustufulltrúi



Jakobína Þórðardóttir  
Deildarstjóri félagsdeildar



Jenný Stefánsdóttir  
Lögfræðingur í kjaradeild



Jóhanna Þórdórsdóttir  
Fræðslustjóri



Kristín Erna Arnardóttir  
Sérfræðingur í félagsdeild



Kristín María Magnúsdóttir  
Sérfræðingur í rekstrardeild



Lára Júlíusdóttir  
Verkefnastjóri sjóða



Margrét Einarsdóttir  
Þjónustufulltrúi



Ólafur Hallgrímsson  
Rekst.stjóri fasteigna orlofsfj.



Stefanía Jóna Nielsen  
Sérfræðingur í kjaradeild



Þórarinn Eyfjörð  
Formaður





Stjórn Sameyki. Aftari röð frá vinstri: Bryngeir A. Bryngeirsson, Egill Kristján Björnsson, Þórarinn Eyfjörð, Svanhildur Steinarsdóttir, Rut Ragnarsdóttir og Gunnar Rúnar Matthíasson. Fremri röð frá vinstri: Berglind Margrét Njálisdóttir, Ingunn Hafdís Þorláksdóttir, Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, Herdís Jóhannsdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir og Elín Helga Sanko. Á ljósmyndina vantar Ólafíu L. Sævarsdóttur og Kára Sigurðsson.

# Stjórn Sameykis

Ný stjórn Sameykis tók til starfa að loknum aðalfundi félagsins 25. mars 2021. Næstu tvö ár á undan, eða frá sameiningu gömlu félaganna í janúar 2019, hafði stjórnin verið samsett úr báðum stjórnnum fyrirrennara félagsins. Samkvæmt lögum félagsins tók því ný stjórn til starfa og í henni voru 15 í upphafi. Haldinn var 21 almennur stjórnarfundur en stjórnin fundar að öllu jöfnu hálfsmánaðarlega á ári hverju.

Eðli máls samkvæmt þá var nokkuð um að stjórnarfundir ársins 2021 færu fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna fjöldatakmarkana sóttvarnaryfirvalda sem hafa verið í gildi í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins og vegna almennra sóttvarna. Eins og margir hafa nú reynslu af kom í ljós að fjarfundarbúnaður getur í ákveðnum tilfellum verið mjög gagnlegur þegar á þarf að halda.

Eins og gera má ráð fyrir þá komu fjölmörg mál til afgreiðslu stjórnar á árinu. Samskipti voru með ýmsum hætti við viðsemjendur og litaðist árið mjög af verkefnum tengdum kjarasamningum, styttingu vinnuvikunnar og fleiru. ●

## Stjórn Sameykis skipa:

Þórarinn Eyfjörð, formaður  
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður  
Elín Helga Sanko, ritari  
Berglind Margrét Njálisdóttir  
Bryngeir A. Bryngeirsson  
Egill Kristján Björnsson  
Gunnar Rúnar Matthíasson  
Herdís Jóhannsdóttir  
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir  
Jóhanna Lára Óttarsdóttir  
Kári Sigurðsson  
Svanhildur Steinarsdóttir  
Ólafía L. Sævarsdóttir  
Rut Ragnarsdóttir

# Orlofsmál

Rekstur orlofssjóðs er ómissandi þáttur í starfi Sameykis. Sjóðurinn annast utanumhald og leigu orlofshúsa til almennra félaga en hann sér einnig um að selja ferðaávisanir, gjafabréf í flug, veiðikort og útilegukort svo eitthvað sé nefnt. Sjóðurinn sér eðli máls samkvæmt um viðhald og rekstur orlofseigna Sameykis. Líðið ár litaðist einmitt talsvert af viðhaldi og endurnýjun en á því lauk endurnýjun í Eyrarhlíð í Munaðarnesi og á Arnarstapa. Við erum afskaplega ánægð með hvernig endurnýjunin heppnaðist en verkefnalistinn tæmist seint og framundan er mikil endurnýjun á svæðinu við Úlfjótsvatn og að Húsafelli. Sameyki á samtals 66 íbúðir og bústaði á Íslandi og 3 íbúðir á Spáni eða samtals 69 eignir. Auk þess framleigði

félagið 15 eignir hér á landi á síðasta ári. Nýting orlofshúsa Sameykis sumarið 2022 var í heildina lítið prýðileg eða 89%. Hún var auðvitað misjöfn eftir svæðum en síðasta sumar voru 26 orlofshús sem voru í útleigu allan þann tíma sem leiga var í boði. Loks voru 23 önnur orlofshús sem náðu að minnsta kosti 90% útleigu.

## Orlofshús í eigu Sameykis

**Vesturland:** Sameyki á 26 orlofshús í landshlutanum. Eitt orlofshús í Svinadal Hvalfirði, eitt orlofshús í Skorradal, tvö orlofshús í Húsafelli, tuttugu orlofshús í Munaðarnesi, eitt orlofshús í Selásum og eitt orlofshús á Arnarstapa á

## Nýting á orlofshúsum Sameykis 2022 á sumarorlofstíma

Orlofshús	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting	Orlofshús	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting
Akrasel við Álfavatn	91	91	100%	Munaðarnes Stekkjarhóll 78	91	91	100%
Akureyri - Holtaland 1	91	91	100%	Munaðarnes Stekkjarhóll 79	91	91	100%
Akureyri - Holtaland 3	91	91	100%	Munaðarnes Stekkjarhóll 80	91	91	100%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (201)	70	70	100%	Munaðarnes Vörðuás 11	79	91	87%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (302)	63	70	90%	Munaðarnes Vörðuás 12	80	91	88%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (402)	70	70	100%	Munaðarnes Vörðuás 14	71	91	78%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (404)	70	70	100%	Munaðarnes Vörðuás 17	81	91	89%
Akureyri - Kjalarsíða 1b (405)	70	70	100%	Norðurás 1 í Svinadal	91	91	100%
Akureyri Hamratún 26	88	91	97%	Nortia - 120 fm íbúð	63	91	69%
Akureyri Kjamabyggð - Gata mánans, hús nr. 5	91	91	100%	Nortia - 63 fm íbúð	56	91	62%
Akureyri Skálatún 35	81	91	89%	Nortia - 87 fm íbúð	70	91	77%
Arnarstapi Sölvaslóð 7	72	91	79%	Reykjavík Grandavegur 42 D	67	91	74%
Blönduós - Brautarhvammur	91	91	100%	Reykjavík Grandavegur 42 G	67	91	74%
Bær Illi Drangnesi	91	91	100%	Reykjavík Grandavegur 45	68	91	75%
Eiðar hús 5	77	84	92%	Reykjavík Sóltún 12	71	91	78%
Eiðar hús 10	82	84	98%	Selásar 20 Borgarbyggð	91	91	100%
Eiðar hús 11	84	84	100%	Skorradalur, Vatnsendahlíð 223	91	91	100%
Eiðar hús 12	64	88	73%	Spánn Calle no. 5 Samara Complex	85	91	93%
Eiðar hús 13	79	88	90%	Spánn Íbúð nr. 48 Los Arelanes	83	91	91%
Eiðar hús 14	82	84	98%	Spánn Íbúð nr. 5 Los Arenales	77	91	85%
Hólar í Hjaltadal - Náttugi 20 - íbúð 201	77	91	85%	Stykkishólmur - Reitarvegur 2	84	84	100%
Hólasetur í Biskupstungum	91	91	100%	Úlfjótsvatn hús 1	63	91	69%
Hólmavík, Lækjartún 7	84	91	92%	Úlfjótsvatn hús 2	62	91	68%
Húsafell Hraunbrekkur 4	91	91	100%	Úlfjótsvatn hús 4	66	91	73%
Húsafell Hraunbrekkur 6	91	91	100%	Úlfjótsvatn hús 5	54	91	59%
Illugastaðir nr. 5	63	70	90%	Úlfjótsvatn hús 6	80	91	88%
Krossholt, Barðaströnd	91	91	100%	Úlfjótsvatn hús 7	57	91	63%
Lindarbakki nr. 4	81	91	89%	Úlfjótsvatn hús 8	62	91	68%
Munaðarnes Bjarkarás 10 f/hreyfih.	77	91	85%	Úlfjótsvatn hús 9	67	91	74%
Munaðarnes Bjarkarás 3	86	91	95%	Úlfjótsvatn hús 10	67	91	74%
Munaðarnes Bjarkarás 5	91	91	100%	Úlfjótsvatn hús 11	77	91	85%
Munaðarnes Eyrarhlíð 30	86	91	95%	Úlfjótsvatn hús 12	84	91	92%
Munaðarnes Eyrarhlíð 33	91	91	100%	Úthlíð, Skútubraut 1	91	91	100%
Munaðarnes Eyrarhlíð 34	91	91	100%	Vaðnes Bollagarðar 1	79	91	87%
Munaðarnes Eyrarhlíð 46	48	49	98%	Vaðnes Bollagarðar 2	83	91	91%
Munaðarnes Eyrarhlíð 47	39	49	80%	Vaðnes Bollagarðar 3	84	91	92%
Munaðarnes Eyrarhlíð 48	44	49	90%	Vaðnes Bollagarðar 4	88	91	97%
Munaðarnes Stekkjarhóll 72	84	91	92%	Vaðnes Bollagarðar 5	75	91	82%
Munaðarnes Stekkjarhóll 73	83	91	91%	Vaðnes Bollagarðar 6	70	91	77%
Munaðarnes Stekkjarhóll 74	72	91	79%	Vaðnes Bollagarðar 8	83	91	91%
Munaðarnes Stekkjarhóll 75	75	91	82%	Vaðnes Bollagarðar 10	78	91	86%
Munaðarnes Stekkjarhóll 76	86	91	95%				
Munaðarnes Stekkjarhóll 77	86	91	95%				
				<b>Heildarnýting</b>	<b>6524</b>	<b>7351</b>	<b>89%</b>

Snæfellsnesi. Eins og fram kom hefur mikil endurnýjun átt sér stað í Munaðarnesi og á Arnarstapa.

**Norðurland:** Sameyki á 4 orlofshús í landshlutanum. Tvö orlofshús í Hálöndum, eina íbúð á Akureyri og loks eitt orlofshús í Kjarnaskógi.

**Austurland:** Sameyki á 6 orlofshús að Eiðum.

**Suðurland:** Sameyki á 26 orlofshús á Suðurlandi, þar af tólf orlofshús á Úlfjótsvatni, átta orlofshús í Vaðnesi og eitt orlofshús við Álftavatn. Þrjú orlofshús eru í Biskupstungum, þ.e. Úthlíð, Hólasetur í Fellskotu og Akrakot.



**Reykjavík:** Sameyki á fjórar íbúðir í höfuðstaðnum.


**Spánn:** Sameyki á þrjár eignir á Spáni, allar í nágrenni Alicante. Um er að ræða hús í Quesada og tvær íbúðir í fjölbýlishúsi við ströndina Los Arenales del Sol.

Orlofshús og íbúðir framleigðar af Sameyki á síðasta ári voru í heildina 15 eignir; fimm á Akureyri, ein á Blönduósi, Bær III á Drangsnosi, Hólar í Hjaltadal, Hólmavík, Illugastaðir, Krossholt á Barðaströnd, Lindarbakki við Höfn og 3 íbúðir á Nortia hóteli Flúðum á Suðurlandi. ●



## Útleiga orlofshúsa Sameykis sumarið 2022

100% nýting





# Fulltrúar Sameykis í stjórnnum, nefndum og starfshópum

## Stjórn BSRB

Pórarinn Eyfjörð, 1. varaformaður BSRB

## Kjaranefnd - BSRB

Pórarinn Eyfjörð

## Nefnd um afkomuöryggi - BSRB

Pórarinn Eyfjörð, formaður  
Gunnsteinn R. Ómarsson  
Herdís Jóhannsdóttir

## Jafnréttisnefnd - BSRB

Kári Sigurðsson, Sameyki  
Rut Ragnarsdóttir, Sameyki

## Nefnd um almannaþjónustu - BSRB

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir  
Ingunn Hafdís Þorlákssdóttir

## Heilbrigðisnefnd - BSRB

Gunnar Rúnar Matthíasson

## Réttindanefnd - BSRB

Jenny Stefánsdóttir

## Framtíðarnefnd - BSRB

Jóhanna Þórdórsdóttir  
Svanhildur Steinarsdóttir

## Nefnd um lífeyrismál - BSRB

Gunnsteinn R. Ómarsson  
Árni Stefán Jónsson

## Stjórn ROM (Rekstrarfélag orlofsmála í Munaðarnesi)

Ólafur Hallgrímsson  
Rut Ragnarsdóttir

## Stjórn ROE (Rekstrarfélag orlofsmála á Eiðum)

Ingunn H. Þorlákssdóttir

## Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður

## Fulltrúi BSRB í Starfsnefnd LSR

Jakobína Þórðardóttir

## Stjórn Brúar lífeyrissjóðs

Gunnsteinn R. Ómarsson

## Stjórn Bjargs íbúðafélags

Árni Stefán Jónsson, formaður

## Stjórn Blævar leigufélags

Pórarinn Eyfjörð

## VR Blær leigufélag slhf.

Gunnsteinn R. Ómarsson

## Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)

Jakobína Þórðardóttir, varaformaður  
Gunnar Rúnar Matthíasson, aðalmaður  
Kolbrún Hauksdóttir, varaformaður

## Úrskurðarnefnd um eftirlaun LSRb

Jakobína Þórðardóttir og Hrafnhildur Guðmundsdóttir

## Stjórn Framvegis símenntunarmiðstöðvar

Jóhanna Þórdórsdóttir  
Jakobína Þórðardóttir  
Bryngeir Arnar Bryngeirsson  
Pórarinn Eyfjörð, varamaður  
Guðröður Sigurbjörnsdóttir, varamaður

## Stjórn Starfsmenntar

Pórarinn Eyfjörð, formaður  
Jóhanna Þórdórsdóttir, varamaður

## Úthlutunarnefnd þróunarverkefna

Fræðslusjóðs  
Jóhanna Þórdórsdóttir

## 1. maí nefnd Reykjavík

Gunnsteinn R. Ómarsson

## Stjórn RUR (Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu)

Pórarinn Eyfjörð

## Stjórn Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja

Ingibjörg Óskarsdóttir

## Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina

Jóhanna Þórdórsdóttir

## Stjórn Félagamiðstöðvarinnar

Grettisgötu 89  
Pórarinn Eyfjörð

## Ferðakostnaðarnefnd ríkisins

Guðmundur F. Guðmundsson

## Erlent samstarf

### NOFS (Nordens Offentliganställdas Fackliga Samorganisation)

Pórarinn Eyfjörð  
Gunnsteinn R. Ómarsson

### NSO (Nordiska statstjänstemanna organisationen)

Pórarinn Eyfjörð  
Gunnsteinn R. Ómarsson

### NTR (Nordisk tjenestemandsråd)

Jakobína Þórðardóttir

### Norræn samtök NFS

Pórarinn Eyfjörð  
Gunnsteinn R. Ómarsson

# Styrktarsjóður BSRB

Félagsfólk Sameykis stéttarfélags í almannajónustu sem starfar hjá Reykjavíkurborg, Strætó bs., Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Sveitarfélaginu Akranesi og Sveitarfélaginu Seltjarnarnesi var til áramóta 2022/2023 hluti í Styrktarsjóði BSRB.

Sameyki sagði sig úr Styrktarsjóði BSRB og tók úrsögnin gildi 31.12. 2022. Þá sameinaðist félagsfólk í Sameyki í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB hélt 10 stjórnarfundum á árinu 2022. Afgreiddir voru 4.140 styrkir að heildarfjárhæð kr. 278.910.022.

Helstu breytingar á styrkjum sjóðsins á milli ára 2021 og 2022 voru:

- Sjúkradagpeningar hækka um 79% milli ára 2021-2022
- Fæðingarstyrkir lækka um 15,3% milli ára 2021-2022
- Sálfræðistyrkir hækka um 10,3% milli ára 2021-2022
- Tannlæknastyrkir hækka um 10,3% milli ára 2021-2022

## Styrktarsjóður BSRB\*

Flokkur	Greidd upphæð	Fjöldi styrkja
Sjúkradagpeningar	119.725.721	145
Fæðingarstyrkur	43.915.143	192
Líkamsræktarstyrkur	33.013.987	1506
Tannlæknakostnaður	26.081.641	400
Sálfræðiþjónustustyrkur	21.692.759	700
Sjúkraþjálfunarstyrkur	14.105.889	500
Gleraugnastyrkur	6.822.987	278
Krabbameinsleit	678.672	133
Krabbameinsleit/frh.	599.556	160
Glasafrjóvgun	4.123.000	31
Sjónlagsaðgerð	2.500.000	26
Heyrnartæki	1.338.267	11
Hjartavernd	420.000	21
Heilsustofnun NLFÍ	962.400	15
Dánarbætur	2.700.000	20
7. gr.	230.000	2
<b>Samtals</b>	<b>278.910.022</b>	<b>4140</b>

\*Samantekt úr Styrktarsjóði BSRB. Sjóðurinn hefur nú sameinast í einn sjóð, Sjúkra- og styrktarsjóð Sameykis



## Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis

Flutningi félagsfólks Sameykis úr Styrktarsjóði BSRB í einn sameinaðan Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis er lokið.

Í nýjum úthlutunarreglum er þess gætt að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og að félagsfólk haldi réttindum sínum. Stærsta breytingin var að frá og með 1. janúar 2023 þarf félagsfólk að greiða í 6 mánuði af 12 og þar af 3 mánuði samfelld fyrir styrkveitingu.

Einnig breytast almanaksstyrkir yfir í 12 mánaða tímabil og fljóta þá réttindi eftir því hvernig styrkir eru nýttir miðað við dagsetningar en ekki almanaksár. Kynntu þér reglur Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis á vefnum sameyki.is





# Húsnæðismál

Framboð og uppbygging íbúðarhúsnæðis er mikið hagsmunamál í okkar samfélagi og hefur mikil vinna verið lögð í þetta verkefni af hálfu stéttarféлага og hagsmunasamtaka vinnandi fólks á undanförunum árum í samstarfi við ríkið og sveitarfélögin. Sameyki er þar enginn eftirbátur en uppbygging og framboð íbúðarhúsnæðis er verkefni sem oftar en ekki er mjög ofarlega á forgangslista félagsfólks þegar áherslumál eru krufin. Markmið verkalýðshreyfingarinnar hefur ávallt verið að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, bæði með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguþúsnæði og jafnframt að stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé ekki sligandi fyrir fólk.

## Bjarg íbúðafélag

Bjarg íbúðafélag er húsnæðissjálfséignarstofnun (hses.) stofnuð af ASÍ og BSRB árið 2016 í kjölfar nýrra laga um almennar íbúðir. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágu fólk á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „almene boliger“. Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma.

Stjórn Bjargs íbúðafélags skipa: Árni Stefán Jónsson Sameyki, stjórnarformaður, Ragnar Þór Ingólfsson VR, varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir ASÍ, Gundega Jaunlinina Verkalýðsfélaginu Hlíf og Þorbjörn Guðmundsson Samiðn. Framkvæmdastjóri félagsins er Björn Traustason.

Félagið stendur sjálft að uppbyggingu allra sinna íbúða en leiðarljós starfseminnar er að byggja vel hannað, hagkvæmt og endingargott leiguþúsnæði. Félagið hefur samið við hin ýmsu sveitarfélög um lóðir til byggingar og á í viðræðum við önnur sveitarfélög. Fyrsta fullbúna íbúð félagsins, við Móaveg í Grafarvogi, var afhent leigutökum í júní 2019.

Fram til dagsins í dag hafa tæplega þúsund íbúðir verið afhentar leigutökum, vel yfir 200 íbúðir eru í hönnunarferli og/eða byggingu og á sjöunda hundrað íbúðir eru á undirbúningsstigi. Þó svo að þetta líti út fyrir að vera lítil fjöldi íbúða í uppsafnaða þörf á landinu er Bjarg risastórt skref í átt að heilbrigðari húsnæðismarkaði á Íslandi. Á næstu fimm árum er gert ráð fyrir að eignasafn Bjargs telji hátt í tvö þúsund íbúðir en Bjargi hefur hingað til tekist að byggja allar sínar íbúðir á tilsettum tíma og áætluðum byggingarkostnaði.

Til að varpa ljósi á næstu framtíð hjá Bjargi fer hér á eftir yfirlit framkvæmda sem eru í gangi og sjá má að það styttest verulega í afhendingu þúsundustu íbúðarinnar:

- Hafnarfjörður (Hamranes) 148 íbúðir. Fyrsta skóflustunga var tekin sumarið 2021. Fyrstu íbúðirnar voru afhentar í lok árs 2022 en verklok eru áætluð í lok árs 2023.
- Garðabær, Mariúgata 5 (Urriðaholti) 22 íbúðir. Upphaf framkvæmda í nóvember 2021. Áætlað að íbúðir verði fullbúnar nú í mars 2023.
- Akranes, Asparskógar 3, 24 íbúðir. Fyrsta skóflustunga tekin



í nóvember 2022. Áætlað að fyrstu íbúðir fari í leigu í lok árs 2023, verklok sumar 2024.

- Brekknaás, Árbær, Reykjavík, 48 íbúðir. Fyrsta skóflustunga tekin í nóvember 2022. Áætlað að fyrstu íbúðir fari í leigu í maí 2024, verklok í upphafi árs 2025.

Árni Stefán Jónsson, stjórnarformaður Bjargs íbúðafélags, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, undirrituðu viljayfirlýsingu 6. apríl 2022 um byggingu á íbúðarhúsnæði í samræmi við markmið húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðis fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040. Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, er falið að framfylgja viljayfirlýsingunni. Það er vilji Reykjavíkurborgar að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar- eða leiguíbúðir á vegum Bjargs á lóðum á eftirfarandi svæðum:

- Veðurstofuhæð: Áætluð úthlutun árið 2024 fyrir allt að 50 íbúðir.
- Korpureitur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
- Vogur-Bryggjuhverfi: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 73 íbúðir.
- Vatnsmýri U-reitur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
- Safamýri: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
- Miklubrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2026 fyrir allt að 70 íbúðir.
- Skerjafjörður II: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 72 íbúðir.
- Sæbrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 40 íbúðir.
- Óstaðsett: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 50 íbúðir.

## Blær íbúðafélag

Blær leigufélag ehf. er systurfélag Bjargs og var stofnað árið 2018 af sömu aðilum og Bjarg, þ.e. ASÍ og BSRB. Hugmyndafræðin með stofnun félagsins er sú að fylla enn frekar upp í þörf á húsnæðismarkaði með því að bjóða fram hagkvæmar leiguíbúðir fyrir vinnandi fólk með húsnæðisöryggi að leiðarljósi. Formaður BSRB, forseti ASÍ og formaður Blævar ásamt framkvæmdastjóra Bjargs íbúðafélags undirrituðu rammSAMNING í maí 2022 um að nýta reynslu og þekkingu Bjargs til að taka næsta skref í uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar á íbúðum á viðráðanlegu verði. Bandalögin koma til með að byggja íbúðir undir hatti Blævar fyrir sitt félagsfólk með langtímahugsun og hóflegan hagnað að leiðarljósi.

Samningurinn sem undirritaður var er þjónustusamningur þar sem Bjarg mun selja út þjónustu til Blævar án þess að það hafi önnur áhrif á starfsemi Bjargs. Þannig getur Blær notið þeirrar reynslu og þekkingar sem Bjarg hefur aflað síðustu árin með farsælli uppbyggingu íbúða á viðráðanlegum kjörum.

Þetta verkefni er upphafið að enn frekari íbúðauppbyggingu á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Hingað til hefur verið byggt á vegum Bjargs innan ramma laga um almennar íbúðir, með stofnframlagi frá ríki og sveitarfélögum þar sem vinnandi fólk innan ákveðinna tekjumarka hefur möguleika á öruggu og hagkvæmu leiguhúsnæði. Með uppbyggingu Blævar geta stéttarfélög, innan vébanda bandalaganna BSRB og ASÍ, byggt íbúðir og leigt út til félagsfólks án þess að skilyrða möguleika fólks við ákveðin tekjumörk. Hagkvæmni næst með því að gera lágmarkskröfur um arðsemi og með því að nýta reynslu og þekkingu hagkvæmrar uppbyggingar sem myndast hefur hjá Bjargi. Verkefnið á án efa eftir að þróast með jákvæðum hætti í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar við ríkið, sveitarfélögin og aðra mikilvæga hagaðila. ●

# Fræðslusetrið Starfsmennt



Árið 2022 fór fólk aftur að hittast að nýju en það breytti samt litlu í fyrirkomulagi náms hjá Starfsmennt þar sem um 80% fræðslunnar fer enn fram ýmist í streymi eða sjálfstýrðu vefnámi. Kórónuveirutíminn sýndi og sannaði að margt má gera með notkun rafrænna miðla og eitt af því er að miðla þekkingu og fræðslu til starfsfólks um allt land.

Í ársbyrjun 2022 gerðist Reykjavíkurborg aðili að Fræðslusetrinu vegna starfsmanna sinna sem jafnframt eru félagar í Sameyki. Um aðkomu borgarinnar var samið í kjarasamningum árið 2021 sbr. bókun 5 og eiga því Sameykisfélagar sem eru starfsmenn borgarinnar fullan rétt á að nýta sér þjónustu Starfsmenntar.

Árið 2022 voru viðburðir og fræðslutilboð á vegum Starfsmenntar alls 381 sem er fækkun frá fyrra ári þegar þau voru 425. Skráningar voru tæplega 4.000 en árið á undan voru þær rúmlega 6.000. Skýringin er sú að árið 2021 var boðið upp á þetta fræðsludagskrá til stuðnings Betri vinnutíma í vaktavinnu (BVV) og voru skráningar á BVV-námskeiðin ein og sér nærri 2.800 það ár.

Áfram var lögð áhersla á að bjóða breitt úrval fræðslu og í samstarfi við ýmsa aðila. Ný námskeið voru m.a. í samvinnu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskertra og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (Miðstöðina) og miðuðu námskeiðin að því að auka skilning starfsfólks á þörfum blindra og sjónskertra viðskiptavina og þjónustuþega. Á haustmánuðum voru haldin 13 námskeið um gerð rekstraráætlana í Akra-kerfinu í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og tvær nýjar námsleiðir innan framhaldsskólans bættust við, en þær eru nám matartækna hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri og nýtt nám þjónustutækna hjá Fjölbautaskólanum við Ármúla.

Stjórn Starfsmenntar ásamt framkvæmdastjóra og nokkrum fulltrúum samstarfsaðila hélt í námsferð til Danmerkur í maí en farið var í svipaða ferð þegar í bígerð var að stofna Starfsmennt fyrir rúmum tveimur áratugum síðan. Ferðin var liður í 20 ára afmæli Starfsmenntar og fékkst styrkur til hennar úr Erasmus+ menntasjóði ESB. Hópurinn heimsótti sjö aðila sem allir vinna að því að efla mannauð, fræðslu og stjórnun hjá hinu opinbera í Danmörku. Í kjölfar ferðarinnar hefur íslenski hópurinn ásamt fleirum hist nokkrum sinnum á óformlegum fundum til að ræða möguleika á breiðu samstarfi um fræðslu og mannauðsefningu hér á landi.

Erlenda samstarfsverkefninu Com(m) on-line, sem hófst í árslok 2020, var fram haldið og voru sex fundir haldnir í verkefninu árið 2022, þar af tveir á Íslandi. Markmið verkefnisins er að skilja betur hvaða kennslufræði hentar efni

og aðstæðum hverju sinni þegar kennsla og nám fara fram um stafræna miðla.

Starfsmennt hlaut alþjóðlega viðurkenningu á ráðstefnu um raunfærnimat sem haldin var í maí. Viðurkenningin var vegna tilraunaverkefnis um raunfærnimat á móti viðmiðum starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa sem hafði verið unnið í samvinnu við Vinnuálastofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.



Stjórn Starfsmenntar og framkvæmdastjóri ásamt fulltrúum samstarfsaðila Starfsmenntar fóru í námsferð til Danmerkur dagana 3.-6. maí 2022. Markmið ferðarinnar var að fá sem breiðasta innsýn hvernig Danir vinna að hæfnibrúun opinberra starfsmanna og stjórnenda bæði hjá ríki og sveitarfélögum.



Viðurkenningar fyrir árangursrík verkefni í raunfærnimati voru veittar við hátíðlega athöfn á alþjóðlegri ráðstefnu sem fór fram á Grand hótel 19. maí 2022. Fjögur verkefni hlutu viðurkenningu og var Starfsmennt eini íslenski fræðsluaðilinn þar á meðal. Guðfinna Harðardóttir, framkvæmdastjóri Starfsmenntar, (önnur frá hægri) tók á móti viðurkenningunni.

Menntamálastofnun staðfesti í nóvember að Starfsmennt uppfyllti skilyrði til að teljast viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili. Vottunin gildir til þriggja ára og staðfestir að Starfsmennt er hæfur fræðsluaðili til að annast raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og námskeiðahald í framhaldsfræðslu. Auk vottunar Menntamálastofnunar er Starfsmennt með EQM+ gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til þriggja ára með gildistíma frá 1. janúar 2022. ●



# Framvegis, miðstöð símenntunar

## FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Framvegis miðstöð símenntunar er einkahlutafélag í eigu tveggja aðildarféлага

BSRB, þ.e. Sameykis stéttarfélags í almannajónustu og Sjúkraliðafélags Íslands. Miðstöðin hefur starfað óslitið frá 2001, fyrst um sinn til að sinna sí- og endurmenntun fólks í starfsgreinum sem Fjölbrautaskólinn við Ármúla útskrifaði. Með inngöngu BSRB í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfsemi þróast talsvert, verkefni orðið fjölbreyttari og náð til stærri hóps í samfélaginu.

Starfsemi byggist að stórum hluta á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011, samningi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Miðstöðin er rekin til almannaheillar og því ekki heimilt að greiða eigendum arð. Er hagnaður af starfsemi félagsins notaður til að efla fræðslu og starfsþróun fólks á vinnumarkaði.

Starfsfólk Framvegis leggur sig fram um að bjóða upp á vandað nám og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Auk þess sinnir miðstöðin raunfærnimati í almennri starfshæfni á mótum viðmiðum atvinnulífsins sem og raunfærnimati á mótum námi í formlega skólakerfinu.

meðal er námskeiða- og fyrirlestraröðin „Gott að vita“ fyrir félagsfólk Sameykis. Eins og árið á undan þurfti að laga námsframboð að ástandinu á hverjum tíma og voru rafræn kennsla og rafrænir viðburðir ráðandi í mörgum tilfellum. Undanfarin misseri hefur Framvegis unnið að framkvæmd raunfærnimats með sjúkraliðabraut í samvinnu við stýrihóp



Enn hafði covid-heimsfaraldurinn áhrif á starfsemi og rekstur Framvegis á árinu. Allt kapp var lagt á að tryggja að fjölpætt þjónusta við viðskiptavinum væri sem næst óskert og bauð Framvegis upp á margbreytileg námstækifæri fyrir markhópa sína. Kenndar voru vottaðar námsleiðir hjá miðstöðinni sem og í samstarfi við Promennt og Fjölsmiðjuna. Að auki var góð samvinna við Starfsmennt, Vinnumálastofnun og Virk starfsendurhæfingarsjóð um námsframboð og ráðgjöf fyrir skjólstæðinga þeirra. Námskeið sjúkraliða hafa verið einn meginstofn í námsskeiðahaldi frá því að Framvegis hóf starfsemi sína og voru sjúkraliðar einstaklega iðnir að sækja sér símenntun á árinu. Önnur námskeið voru sömuleiðis vel sótt en þar á

verkefnisins. Eftirspurn eftir matinu var mikil á árinu og þátttakendur talsvert fleiri en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Framvegis mun í samvinnu við hagaðila halda áfram að kynna matið og gera það aðgengilegt einstaklingum sem uppfylla skilyrði matsins.

Þróunarverkefni hafa skipað stóran sess hjá Framvegis og voru nokkur slík í vinnslu hjá miðstöðinni á árinu. Framvegis sótti um styrk úr Fræðslusjóði til þess að vinna hæfnigreiningu starfs skólaliða ásamt skilgreindum samstarfsaðilum. Stefnt er að því að starfshæfnigreining skólaliða liggi fyrir á næsta ári. ●

# Virk endurhæfingarsjóður



VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á

vinnumarkaði og fagnar því 15 ára afmæli á árinu. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Þrjú ráðgjafar á vegum VIRK starfa í BSRB-húsinu. Ráðgjafarnir eru Birna Müller, Karen Björnsdóttir og Elín M. Erlingsdóttir. Starf þeirra felst í að aðstoða félagsfólk við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

Í byrjun árs 2023 voru 2.319 einstaklingar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu 24.000 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK frá því að fyrsti einstaklingur kom í starfsendurhæfingu hjá VIRK árið 2009.

79% þeirra 15.000 einstaklinga sem lokið hafa þjónustu hjá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Alls hafa 1.980 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB-húsinu og 1.309 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þjónustuþegar eru undan- tekningarlítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfs- endurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK. Félagssólk sem leitar til sjúkrasjóðs Sameykis fær jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK.

Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB-húsinu. Frekari upplýsingar um VIRK er að finna á virk.is. Einnig má senda tölvupóst á virk@bsrb.is eða hringja í síma 525 8300. ●

## Deild atvinnubílstjóra Strætó bs.

Pétur Karlsson formaður



Starfsemi Deildar atvinnubílstjóra Strætó bs. hefur ekki verið mikil eftir COVID-19 en þó var boðað til fundar þann 7. nóvember 2022 með pólskumælandi vagnstjórum um þá ógnvekjandi umræðu sem hafði verið um langa hríð og jókst eftir því sem leið á árið um að útvista störfum vagnstjóra og vaktavinnufólks hjá Strætó bs. til einkaaðila.

Um 20 vagnstjórar mættu á fundinn í húsakynnum Sameykis í Félagamiðstöðinni Grettisgötu 89. Tveir aðilar frá Sósíalístafloknum sem hafa verið dyggir talsmenn vagnstjóra að undanförunu mættu einnig á fundinn og fylgdust með umræðum. Fyrir svörum voru stjórnarmenn deildarinnar og trúnaðarmenn Strætó bs. þau Ágústa Sigurðardóttir og Pétur Karlsson formaður.

Formaður deildarinnar útskýrði fyrir vagnstjórunum hver

staðan væri og kvaðst uggandi um framtíð vagnstjóra hjá Strætó bs. Umræður urðu um hvað væri til ráða og var mörkuð stefna um aðgerðir í framtíðinni ef frekari útvistun yrði að veruleika og myndaðist góð samstaða um þær. Mikils óöryggis og óróa hefur gætt meðal vagnstjóra og vaktavinnufólks hjá Strætó bs. og kom það skýrt fram á fundinum.

Einnig útskýrði formaður fyrir vagnstjórum ýmis réttindi þeirra í kjarasamningi.

Viðtal við formann deildar atvinnubílstjóra Strætó bs., Pétur Karlsson, um afstöðu vagnstjóra Strætó bs. til útvistun á akstursleiðum og þjónustunni, var birt á heimasíðu Sameykis þann 28. október sl. Þá ályktaði fulltrúaráð Sameykis gegn einkavæðingaráformum sveitarfélaganna á Strætó bs. um svipað leyti og viðtal var tekið við formann deildarinnar Pétur Karlsson á Samstöðinni á sama tíma. ●

# Háskóladeild Sameykis

Baldur Vignir Karlsson formaður



Á árinu 2022 voru fjórir fundir haldnir hjá stjórn Háskóladeildar Sameykis. Megináhersluefnin voru hvernig væri hægt að víkka út starfsemi deildarinnar og tengjast hinum stéttarfélögum BSRB þar sem fólk með háskólamenntun er einnig.

Einnig var fjallað um hvernig væri hægt að víkka út hugmyndina um hvað háskólanám er. Hingað til hefur skilgreindur 180 ECTS einingafjöldi þrengt þá hugsun en með tilkomu fagháskólanáms eins og opinberrar stjórnsýslu við Háskólann á Bifröst, heilbrigðisgagnafræði við Háskóla Íslands, framhaldsnám sjúkraliða við Háskólann á Akureyri og Lögregluskólans sem er nú fagháskólanám

við Háskólann á Akureyri, er nauðsynlegt að endurhugsa málin. Einnig eru símenntunastöðvar eins og Endurmenntun Háskóla Íslands og Opni Háskólinn í HR með nám á háskólastigi sem ekki er metið til eininga og nauðsynlegt að taka það einnig með í reikninginn þar sem slíkt nám er mun nær raunverulegum atvinnumarkaði en svokallað formlegt háskólanám.

Til að ná þessu fram var ákveðið að reyna fá fulltrúa frá Háskóladeildinni inn í Framtíðarnefnd BSRB og einnig var ákveðið að koma með tillögu að breyttum reglum Háskóladeildar og vonast eftir lagabreytingu innan Sameykis sem endurspeglar það. ●

## Lífeyrisdeild Sameykis

Ingibjörg Óskarsdóttir formaður



Starfsemi lífeyrisdeildarinnar komst á skrið eftir að hömlum vegna covid var létt í byrjun árs. Það var samt greinilegt að fólk hafði varann á og fór sér hægt af stað í byrjun. Haldinn var aðalfundur deildarinnar á Grettisgötunni og var hann því miður ekki vel sóttur.

Lífeyrisdeildin hélt mjög vel heppnaða vorhátíð í fallegu veðri í Framheimilinu með skemmtiatriði og happadrætti og var greinilegt að fólk var aðeins að taka við sér eftir heimsfaraldurinn.

Í júní stóð Lífeyrisdeildin fyrir skemmtilegri og vel sóttri Jónsmessuferð á Reykjanesskaga. Núna var sá háttur hafður á að vera með þrjár ferðir og gafst það mjög vel. Var nánast fullt í allar ferðirnar sem enduðu með kvöldverði á veitingastaðnum Ránni í Keflavík.

Um haustið héldum við haustfagnað og var þátttakan svo mikil að við urðum að fjölga miðum þrisvar sinnum og til haustfagnaðarins komu rúmlega 300 manns. Var gaman að sjá hvað fólk var tilbúið til að taka þátt í félagslífi aftur.

Fagnaðurinn var haldinn í Gullhömrum og tókst í alla staði mjög vel. Skemmtikraftarnir í **Hundur í óskilum** skemmtu svo gestum með glensi og gríni.

Gönguhópurinn hefur haldið sínu striki en það hefur fækkað mikið í hópnum síðan í COVID-19 og lítil endurnýjun orðið því miður.

Lífeyrisdeild Sameykis opnar ýmsar dyr fyrir fólki. Hægt er að skrá sig í Lífeyrisdeildina á vef Sameykis og kynna sér þar hvað er í boði, m.a.:

**Skráning í Lífeyrisdeild**  
**Símenntunarsjóð Lífeyrisdeildar**  
**Gönguklúbbur Lífeyrisdeildar**  
**Orlofsréttindi Lífeyrisdeildar**  
**Stjórn og starfsreglur Lífeyrisdeildar**

Símenntunarsjóður er rósin í hnappagati lífeyrisdeildarinnar sem er vel starfandi og gerði ekkert hlé á sínum störfum því hægt var að stjórna honum yfir netið. Úthlutað er úr honum tvisvar á ári, vor og haust. ●

# Félag heilbrigðisgagnafræðinga

Hólmfríður Einarsdóttir formaður



Starfsárið 2021-2022 byrjaði með fundarhöldum stjórnar í byrjun september, til að skipuleggja aðalfundinn sem haldinn var rafrænn annað árið í röð laugardaginn 18. september 2021. Þessi fundur átti að vera í mars en hafði verið frestað til haustsins vegna COVID-19. Fundinum var streymt á netinu svo allt félagsfólk hafði kost á að fylgjast með honum. Við buðum upp á fyrirlestur Ólafs Þórs Ævarssonar geðlæknis um streitu og kulnun og að honum loknum voru hefðbundin aðalfundarstörf. Breyting varð á stjórn sem hafði fjölgað úr 5 í 7 eftir breytingartillögu þess efnis og fengum við inn tvær nýjar konur að norðan.

Föstudeginum á undan, eða 17. september var haldinn rafrænn NoLo-fundur. NoLo stendur fyrir „Nordisk Lægesekreter Organisation“ og hittast á hverju ári tveir úr hverri stjórn á Norðurlöndunum, þ.e. frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð til að bera saman bækur sínar.

Næsti aðalfundur og 50 ára afmælisfagnaður var svo haldinn 25. mars. Þá vorum við þá aftur komin á eðlilegan tíma ársins fyrir aðalfund og gátum við þá loksins haldið upp á 50 ára afmæli félagsins, tveimur árum síðar en áætlað var. Við buðum upp á dýrindis veitingar og skemmtiatriði að loknum

hefðbundnum aðalfundarstörfum þar sem Ebba Sig leikkona var með stórskemmtilegt uppstand fyrir okkur.

Í mars fundaði stjórnin með Þórarni Eyfjörð, formanni Sameykis. Fundarefnið var viðmót stjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gagnvart heilbrigðisgagnafræðingum, að nota ekki starfsheiti stéttarinnar í stofnanasamningum.

Dagana 17.-20. maí fóru tvær stjórnarkonur, formaður og gjaldkeri á NoLo fund stjórnarmeðlima félaganna sem haldinn er árlega og að þessu sinni var hann haldinn í Færeyjum. Þar bárum við saman „bækur okkar“ um menntun, laun o.fl. sem efst er á baugi. Helstu fréttir voru að í Danmörku hófst nám á háskólastigi haustið 2021, tveimur árum síðar en hjá okkur á Íslandi og er verið að breyta starfsheitinu þeirra sem verður „umsjónarmaður heilbrigðismála“. Næsta ráðstefna fyrir alla félagsmenn verður haldin í Osló 3.-4. maí 2023.

27. júní útskrifaðist hópur tvö úr heilbrigðisgagnafræði frá Háskóla Íslands og voru það um 30 nemendur. Virkilega falgur og hátíðlegur dagur. Stjórnin ásamt kennslustjóra námsins fékk leigðan sal og hélt útskriftarhóf fyrir útskriftarnemana. Við buðum upp á veitingar, afhentum öllum rós og veittum viðurkenningar fyrir námsárangur. ●

## Fangavarðafélag Íslands

Sigurður Rúnar Hafliðason formaður



Vegna ýmissa aðstæðna var aðalfundi félagsins frestað til 16. desember.

Á aðalfundinum var kjörinn nýr formaður til tveggja ára, Sigurður Rúnar Hafliðason.

Sigurður tók við formennsku af Victori Gunnars-syni og er Victori þakkað gott starf á síðustu árum fyrir FVFÍ. Marlín Stefánsdóttir, Arnleif Margrét Friðriksdóttir og Sævar Örn Arason voru einnig kjörin í stjórn til eins árs.

Stjórn félagsins hóf samtal við Fangelsismálastofnun og Sameyki um nýjan stofnanasamning. Gamli samningurinn er síðan 2017 en átti að endurskoðast í síðasta lagi 2019 og því löngu þarft verkefni. Samtalið fór vel af stað en nokkuð er samt í land að nýir samningar verði undirritaðir. Er það von stjórnar FVFÍ að gott samkomulag náist með nýjum samningi.

Í starfi félagsins hefur mikil áhersla verið lögð á að vekja athygli á ástandi öryggismála og mönnunar í fangelsum.

Dómsmálaráðherra hefur í framhaldi lagt til aukið fjármagn í þessa málaflökks og eru umbætur í öryggismálum í vinnslu innan ráðuneytisins.

Framundan hjá félaginu er að heimsækja öll fangelsi landsins og eiga samtal við félagsfólk. Áriðandi er fyrir félagið að heyra hvaða væntingar eru hjá félagsfólki til félagsins og hvaða verkefni skuli leggja mesta áherslu á í starfi þess.

Stjórn FVFÍ hefur einnig lagt mikla áherslu á að við stefnumótun og uppbyggingu hjá Fangelsismálastofnun sé leitað til FVFÍ og fangavarða með ábendingar og innlegg í þá vinnu. Þar má meðal annars nefna fræðslu fangavarða um allt sem viðkemur starfinu. Mikilvægt er að félagatal sé uppfært og félagar virkjaðir í starfi þess, en fangaverðir á Íslandi eru um 140 talsins.

Samkvæmt lögum FVFÍ skal halda aðalfund í maí næstkomandi en þar er kosið um fjóra stjórnarmenn til tveggja ára. ●

# Félag íslenskra félagsliða

Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir formaður



Félag íslenskra félagsliða er fagfélag á lands-  
vísu og er félagsfólk í ýmsum stéttarfélögum, vitt  
og dreift um allt landið. Félag íslenskra félagsliða  
er með aðstöðu hjá Sameyki.

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. apríl 2022 í húsi  
BSRB, Grettisgötu 89.

Stjórn félagsins er skipuð þeim Sigurbjörgu Söru Róbertsdóttur  
formanni, Hjördísi B. Ásgeirsdóttur varaformanni, Kristrínu Evu  
gjaldkera og Matthildi Ómarsdóttur ritara. Meðstjórnendur eru  
Anna Lilja Ásbjarnardóttir, Hjördís Bára Hjartardóttir, Hulda Margrét  
Kristjánsdóttir og Kolbrún Björnsdóttir sem varamaður.

Vel heppnaður fræðsludagur félagsliða var haldinn 23. nóvember  
sl. á Fosshótel Reykjavík en Starfsgreinasambandið skipuleggur  
daginn fyrir Félag íslenskra félagsliða. Árni Steinar Stefánsson

sérfræðingur Starfsgreinasambandsins byrjaði fundinn og kynnti vel  
hver staðan er í kjaraviðræðum.

Formaður félagsins tók við og ræddi aðeins um stöðu félagsins og  
löggildingarferlis hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.  
Magnús Ingi Ingvarsson frá Pitt öryggi kom og hélt góða fræðslu  
um öryggi og sjálfsvarni.

Við enduðum svo daginn á skemmtilegum fyrirlestri frá Önnu  
Steinsen frá KVAN um liðsheild og styrkleika sem félagsliðar geta  
nýtt vel inni á sínum vinnustöðum.

Stjórnarfundur er haldinn einu sinni í mánuði. Þá er farið vel yfir þau  
mál sem framundan eru og hvað hægt sé að gera til að stækka  
félagsliðastéttina.

Félagsfólk fékk senda vaktadagbók fyrir árið 2023 í byrjun  
desember sl. ●

# Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa

Oddur Sigurjónsson formaður



Áfengis- og vímuefnaráðgjafar eru heilbrigðis-  
starfsstétt og landlæknir sér um að veita  
starfsleyfi.

Tilgangur áfengis- og vímuefnaráðgjafa er að  
bæta lífsgæði einstaklinga með vanda vegna  
áfengis- eða annarra vímuefna með áherslu á að hjálpa þeim að  
draga úr eða hætta notkun vímuefna og auka skilning þeirra á  
fíknisjúkdómum. Áfengis- og vímuefnaráðgjafi aðstoðar fólk við að  
meta stöðu sína gagnvart notkun og áhrifum vímuefna á líf þess.  
Hann styður skjólstæðinga og aðstandendur þeirra til jákvæðra  
breytinga, m.a. með samtölum, viðtölum, fræðslu og hópavinnu  
og veitir þeim stuðning í gegnum viðeigandi meðferð. Áfengis-  
og vímuefnaráðgjafi skipuleggur og sinnir margs konar fræðslu.  
Hann sýnir umhyggju og virðingu í öllum samskiptum og leitast  
við að mæta ólíkum þörfum fólks, s.s. út frá kyni, aldri, félagslegri  
stöðu og alvarleika vandans. Áfengis- og vímuefnaráðgjafi  
nýtur leiðsagnar næsta yfirmanns en vinnur sjálfstætt að  
afmörkuðum verkefnum í samráði og samvinnu við aðrar fagstéttir.  
Starfsvettvangur ráðgjafa er einkum á meðferðarstofnunum og  
oft er um vaktavinnu að ræða. Starfið getur verið andlega og  
líkamlega krefjandi og áreiti mikið og stundum skapast aðstæður  
sem geta ógnað öryggi fólks.

FÁR er fagfélag áfengis- og vímuefnaráðgjafa og tilgangur  
félagsins er eftirfarandi:

- að efla samvinnu og samstarf félagsfólki

- að bæta faglegan hag þeirra og hvetja til aukinnar  
menntunar í starfi
- að vera málsvari félagsfólks út á við og eiga samstarf  
við sambærileg félög erlendis
- að gæta þess að þeir sem starfa við áfengis- og  
vímuefnaráðgjöf uppfylli kröfur um siðferði sbr.  
siðareglur félagsins
- að standa vörð um réttindi félagsfólks
- að beita sér í kjaramálum félaga og hafa áhrif á  
kröfugerð fyrir kjarasamninga þeirra

Helstu verkefni FÁR eru að standa fyrir fræðsluerindum og  
fagráðstefnum fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjafa og önnur  
sem hafa áhuga á málefnum, auk þess að hvetja og leiðbeina  
félagsfólki að sækja sér endurmenntun að námi loknu.

Eitt helsta verkefni FÁR síðustu misseri hefur verið að koma  
námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa, sem SÁÁ sér nú um, inn í  
viðurkennda menntastofnun til þess að geta fengið námið metið  
til eininga, auka tengsl við fræðsamfélagið og aðrar starfsstéttir  
en einnig að styðja við þá þróun að áfengis- og vímuefnaráðgjafar  
geti starfað víðar en á heilbrigðisstofnunum SÁÁ, en langflestir  
meðlimir FÁR vinna hjá SÁÁ. FÁR telur að aukin breidd í  
starfsvettvangi áfengis- og vímuefnaráðgjafa sé rökrétt þróun og  
styrki grundvöll þessarar mikilvægu starfsstéttar. ●

# Rugnel ikke muðíb ðiv.


## Þetta fer öfugt ofan í okkur.

Árið 2016 undirrituðu BSRB, BHM og KÍ samning við ríki og sveitarfélög um jöfnun launa milli vinnumarkaða. Lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnu markaði voru hækkuð til jafns við lífeyrisrétt opinbers starfsfólks. Með þessari breytingu var lífeyrisréttur á almennum vinnumarkaði aukinn.

Í samningnum um þessar breytingar staðfestu ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg að laun milli opinbers og almenns vinnumarkaðar yrðu einnig jöfnuð.

**Við stóðum við okkar – nú er komið að ykkur.**







**SAMEYKI**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU